

# ÚTTEKT Á STARFSEMI


*Fjölbrautaskólans í Garðabæ*

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

Maí 2013

**ATTENTUS**  
mannauður & ráðgjöf

*Árný Elíasdóttir og Ragnhildur Þórarinsdóttir*



## Úttekt á starfsemi Fjölbrotaskólans í Garðabæ 2013

Úttekt þessi er unnin á vegum Attentus - mannauður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki, nemendum, foreldrum ásamt fulltrúum skólanefndar og skólaráðs fyrir aðstoðina við gagnaöflun og samstarf á meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 15. maí 2013

Árný Elíasdóttir og Ragnhildur Þórarinsdóttir

## Efnisyfirlit

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM .....	5
1. INNGANGUR .....	7
1.1. Gagnaöflun.....	7
2. SKÓLINN OG UMHVERFI HANS .....	8
2.1. Nemendur .....	8
2.1.1. Aðsókn og inntaka nemenda .....	9
2.1.2. Brottfall nemenda .....	10
2.1.3. Árlegur kennslutími, forfallakennsla og kennslustundir sem nemendur hafa orðið af vegna forfalla kennara .....	10
2.1.4. Nám er vinnandi vegur .....	10
2.2. Mannauður .....	11
2.2.1. Starfsaldur, starfsmannavelta og starfsmannasamtöl .....	11
2.2.2. Menntun kennara og móttaka nýrra starfsmanna .....	12
2.2.3. Sí- og endurmenntun .....	13
2.2.4. Starfsánægja.....	14
2.3. Áherslur og stefna skólans.....	14
2.3.1. Stefna og viðbragðsáætlun í eineltismálum .....	15
2.3.2. Jafnréttisstefna.....	16
2.3.3. Forvarnar- og lýðheilsustefna .....	16
2.3.4. Heilsueflandi framhaldsskóli .....	17
2.3.5. Umhverfisstefna .....	18
2.3.6. Sérstakar áherslur sem sveitarfélagið hefur lagt.....	18
2.4. Húsnæði og aðbúnaður.....	18
2.4.1. Eftirlit úttektaraðila.....	19
2.4.2. Öryggisnefnd skólans .....	19
2.5. Lög og reglugerðir.....	19
2.6. Áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins .....	20
2.7. Námsbrautir .....	20
2.7.1. Almenn námsbraut.....	20
2.7.2. Félagsfræðabraut .....	20
2.7.3. Málabraut .....	20
2.7.4. Náttúrufræðibraut.....	20
2.7.5. Viðskipta- og hagfræðibraut .....	21
2.7.6. Listnámsbraut .....	21
2.7.7. Starfsbraut .....	21
2.7.8. Íþróttabraut.....	21
2.7.9. Tískubraut .....	21
2.8. Mat úttektaraðila .....	22

<b>3. SKÓLANÁMSKRÁ</b> .....	<b>24</b>
3.1. Endurskoðun skólanámskrár .....	24
3.1.1. <i>Grunnþættir menntunar</i> .....	26
3.2. Tengsl skólastiga .....	26
3.3. Námsmat.....	28
3.3.1. <i>Árangur og einkunnir</i> .....	28
3.4. Mat úttektaraðila .....	29
<b>STJÓRNUN OG REKSTUR</b> .....	<b>30</b>
4.1. Stjórnskipulag og skipurit .....	31
4.1.1. <i>Skólaráð</i> .....	31
4.1.2. <i>Skólanefnd</i> .....	32
4.2. Ákvarðanataka .....	33
4.3. Nemendafélag .....	33
4.4. Mat úttektaraðila .....	33
<b>5. NÁM OG KENNSLA</b> .....	<b>35</b>
5.1. Fjölbreytni.....	35
5.2. Kennsluhættir .....	35
5.2.1. <i>Jafnréttiskennsla</i> .....	36
5.3. Lýðræði .....	36
5.4. Próunarverkefni .....	37
5.5. Mat úttektaraðila .....	38
<b>6. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI</b> .....	<b>39</b>
6.1. Líðan nemenda .....	39
6.2. Einelti og agamál.....	40
6.3. Félags- og tómstundastarf .....	41
6.4. Jafnrétti meðal nemenda .....	41
6.5. Náms- og starfsráðgjöf .....	42
6.6. Forvarnar- og áfallaráð .....	43
6.7. Mat úttektaraðila .....	43
<b>7. INNRA MAT</b> .....	<b>45</b>
7.1. Fyrirkomulag og framkvæmd .....	45
7.2. Þátttaka starfsmanna, nemenda og foreldra í innra mati .....	46
7.3. Mat á frammistöðu kennara .....	46
7.4. Umbætur og eftirfylgni á grundvelli sjálfsmats .....	46
7.5. Mat úttektaraðila .....	46
<b>8. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGL</b> .....	<b>47</b>
8.1. Foreldraráð .....	47
8.2. Samstarf við grenndarsamfélag .....	47

8.3. Lýðræði og þátttaka .....	48
8.4. Upplýsingaflæði.....	48
8.5. Mat úttektaraðila .....	48
<b>9. NEMENDUR MEÐ SÉRÞARFIR .....</b>	<b>49</b>
9.1. Almenn stöðþjónusta .....	49
9.2. Starfsbraut.....	49
9.3. Mat úttektaraðila .....	50
<b>10. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA .....</b>	<b>51</b>
10.1. Styrkleikar og veikleikar .....	51
10.2. Ógnir og tækifæri .....	52
10.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta .....	53
<b>HEIMILDIR.....</b>	<b>54</b>
<b>VIÐAUKAR.....</b>	<b>57</b>
Viðauki I - Fjöldi nemenda eftir námsbrautum á vorönn 2013. ....	57

## SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

---

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Fjölbrautaskólans í Garðabæ á grundvelli 42. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úttektir á framhaldsskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemi hans. Lagt var mat á stjórnun og rekstur, skólanámskrá, nám og kennslu, innra mat, skólabrag og samskipti, samstarf við foreldra, sérþarfir nemenda og kannað hvort innra mats skólans mætir ákvæðum aðalnámskrár og þörfum skólans.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ (FG) var stofnaður árið 1984 og er eini framhaldsskólinn í Garðabæ. Hann hefur auk hefðbundis bóknáms og starfsnáms lagt sérstaka áherslu á listnám. Athygli vekur mikil uppbygging listnámsbrauta sem hefur leað að nemendur víða að. Stefna og markmið skólans eru vel skilgreind og ná til flestra þátta skólasamfélagsins og er stefnan í endurskoðun í tengslum við nýja skólanámskrá. Skólinn er kominn vel á veg með endurskoðun hennar og er á meðal fyrstu framhaldsskóla sem hafa hafið kennslu eftir nýrri aðalnámskrá. Margir hafa komið að vinnunni en virkja má nemendur, náms- og starfsráðgjafa og skólanefnd enn betur.

Skipurit skólans, starfslýsingar og ábyrgðarskipting stjórnenda liggja fyrir og virðist skipuritið henta vel stærð hans og verkefnum. Í yfirstjórn skólans er jafnt hlutfall karla og kvenna en hlutfall kynja í allri stjórnun endurspeglar hlutfall karla og kvenna við skólann. Skólanefnd er samráðsáðili skólameistara um ýmis mál en ætti að koma enn frekar að stefnumótun hans. Skólaráð fundar reglulega og kemur að ýmsum málum nemenda en mætti fjalla meira um starfsáætlun skólans og stærri ákvarðanir sem skólinn tekur. Kennarar hafa almennt góðan aðgang að stjórnendum og faglegt frelsi þeirra er mikið. Þeir eru allir menntaðir á sínu fagsviði og hafa full réttindi til kennslu í framhaldsskóla. Við skólann starfa tveir náms- og starfsráðgjafar og ráðgjöf vel sinnt. Skólinn hefur ferli fyrir móttöku nýrra kennara þar sem ábyrgð kennslustjóra er skýr. Formleg sí-og endurmenntunarstefna og -áætlun er til staðar og framboð á endurmenntun kennara virðist nægjanlegt. Skv. starfsmannastefnu skólans skal næsti yfirmaður eiga regluleg samtöl við starfsmenn sína en það markmið hefur ekki náðst að öllu leyti.

Húsnæði skólans uppfyllir þarfir hans en mætti þó vera stærra miðað við núverandi starfsemi og nemendafjölda. Skólasafn virðist uppfylla þarfir skólans vel. Svo virðist sem hagræðingaraðgerðir í kjölfar efnahagshruns hafi að miklu leyti komið niður á aðbúnaði en minna á faglegu starfi. Á árinu 2012 var tap á rekstri skólans.

Námsframboð, bæði eftir nýrri námskrá og eldri námskrá, er afar fjölbreytt og virðist koma til móts við þarfir breiðs nemendahóps með dagskóla, fjarnámi og kvöldskóla. Notaðar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir og aukin áhersla á verkefnaþátt nám og símat. Skólinn nýtir upplýsingatækni í starfi sínu en auka mætti þann þátt enn meira. Samræmdar kennsluáætlanir eru til fyrir alla áfanga og aðgengilegar á vef skólans og gott eftirlit með því hvort kennsla er í samræmi við áætlanir. Byggð hafa verið upp margvísleg úrræði fyrir nemendur með sérþarfir og virðist þörfum þeirra sinnt vel. Skólinn hefur ekki sérstaka stefnu um heimanám en fyrirkomulag þess fer eftir einstökum kennurum. Námsmat skólans er fjölbreytt og ákvarða einstakir kennarar fyrirkomulag þess þar sem ekki er til stefna um námsmat. Skv. könnunum eru nemendur almennt ánægðir með kennsluna. Skólinn hefur síðustu ár sótt um þróunarstyrki til verkefna sem flest hafa lotið að breytingum á námskrá sem hefur miðað vel. Skólinn tekur þátt í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*.

Góður starfsandi er innan skólans og samskipti góð. Ánægja starfsmanna og ánægja með stjórnun skólans mælist há og góður aðgangur allra að stjórnendum. Tekið er á agamálum með kerfisbundnum hætti skv. ákveðnu verklagi. Skólinn hefur sett sér stefnu og viðbragðsáætlun í eineltismálum en ekki kannað einelti sérstaklega sem er að sögn lítið. Nemendafélag skólans heldur úti fjölbreyttri starfsemi. Stjórn þess er kosin til eins árs í senn og fulltrúar þess eru virkir í skólaráði og skólanefnd. Innra mat skólans uppfyllir flest viðmið laga og aðalnámskrár um innra mat. Allir þættir skólasamfélagsins eru metnir og aðilar skólasamfélagsins eiga aðild að matinu. Þess utan eru einstaka námsgreinar metnar svo og frammistaða kennara. Foreldraráð skólans virðist mjög virkt og gott samstarf milli foreldra og stjórnenda skólans. Foreldraráð hefur fengið heimild skólameistara til að hafa áheyrnarfulltrúa í skólaráði. Samstarf við grunnskóla sveitarfélagsins virðist með ágætum, samstarf hans við aðra framhaldsskóla hefur verið þó nokkuð en auka mætt samstarf við háskóla. Frekara samtal virðist þurfa að eiga sér stað á milli skólans og sveitarfélagsins um hugmynd Garðabæjar um að taka yfir rekstur skólans.

Helstu styrkleikar skólans eru fjölbreytni í námi og nemendum, vel menntaðir starfsmenn, markviss innleiðing nýrrar aðalnámskrár, skólinn er leiðandi í listnámi á framhaldsskólastigi, góður starfsandi og almennt ánægðir starfsmenn, nemendur og foreldrar. Veikleikar hans eru að húsnæði er orðið of lítið miðað við núverandi starfsemi, tæki þarfnast endurnýjunar, ekki hafa náðst markmið um mætingar nemenda og kynjahlutfall er ójafnt í starfsmannahópnum og námsvali nemenda. Helstu aðgerðir til úrbóta eru að skoða húsnæðisþörf og tæki út frá stefnu skólans, bæta mætingar nemenda, kanna betur kosti og galla hugmyndar Garðabæjar um rekstrarfyrirkomulag, skoða hvort einelti er til staðar í skólanum, leitast við að jafna hlut kynja meðal starfsmanna og í námsvali og kanna betur hvort mótuneyti stenst markmið verkefnisins *Heilsueflandi skóli*.

## 1. INNGANGUR

---

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemina. Í úttektinni er lagt mat á eftirfarandi þætti:

- Skólann og umhverfi hans.
- Skólanámskrá.
- Stjórnun og rekstur.
- Nám og kennslu.
- Skólabrag og samskipti.
- Innra mat.
- Samstarf við foreldra og ytri tengsl.
- Sérþarfir nemenda.

Í skýrslu þessari er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum við úttektina. Síðan er gerð grein fyrir starfsemi skólans og niðurstöðum úttektarinnar. Þá er lýst styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum hans. Að lokum eru tillögur til úrbóta og viðaukar.

### 1.1. Gagnaöflun

Úttektin byggir á gögnum tengdum starfsemi skólans, viðtölum og skólaheimsóknum. Meðal þeirra gagna sem lögð eru til grundvallar úttektinni eru lög um framhaldsskóla, aðalnámskrá framhaldsskóla, skólanámskrá og starfsáætlanir skólans, áfangalýsingar, kennsluáætlanir, tölur um skólasókn, heimasíða hans auk annarra gagna (sjá heimildaskrá).

Fundað var með skólameistara, aðstoðarskólameistara og áfangastjóra (hér á eftir vísað í sem yfirstjórn skólans), verkefnistjóra innleiðingar laga og aðalnámskrár, fulltrúum skólanefndar, fulltrúum skólaráðs, tveimur rýnihópum kennara og fagstjóra, rýnihópi annarra starfsmanna en kennara, foreldra og nemenda, sjálfsmatshópi og náms- og starfsráðgjöfum.

Úttektaraðilar völdu fulltrúa í rýnihópi kennara í samráði við formann kennarafélags skólans. Fulltrúa nemenda valdi formaður nemendafélags. Alls var rætt við 42 manns. Markmiðið með viðtölum og fundum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila til skólastarfsins og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beindist að. Gögn skólans voru almennt góð.



## 2. SKÓLINN OG UMHVERFI HANS

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ (FG) var stofnaður árið 1984 og er eini framhaldsskólinn í sveitarfélaginu. Áður höfðu verið framhaldsdeildir með fjölbrautarsniði við Garðaskóla í Garðabæ. Skólinn var stofnaður með sérstökum samningi milli menntamálaráðuneytis og bæjarstjórnar Garðabæjar. Hlutverk skólans var að taka við framhaldsnámi Garðaskóla ásamt því að sjá um allt nám á framhaldsskólastigi að loknum grunnskóla. Skólinn er að Skólabraut 6 en þar var byggt undir starfsemi skólans árið 1997 (1) (2).

Sérstaða skólans er fjölbreytni hvað varðar námsval og nemendur. Hann hefur auk hefðbundis bóknáms og starfsnáms lagt sérstaka áherslu á listnám sem dregur að nemendur af stóru svæði utan Garðabæjar. Nemendur eru 796 og 81 starfsmaður í 67,09 stöðugildum. Við skólann starfa 59 kennarar í 48.95 stöðugildum.

### 2.1. Nemendur

Nemendur skólans voru á haustönn 2012 alls 932 en eru á vorönn 2013 796. Nemendur í dagskóla haustið 2012 voru 85,6%, í fjarnámi 11% og í kvöldskóla 3,4%. Kynjahlutfall nemenda var 58.2% konur og 42.8% karlar. Um 80% nemenda eru fæddir 1993, 1994, 1995 og 1996. Árið 2012 var yngsti nemandi skólans fæddur 1998 en sá elsti 1939. Meðalstærð námshópa innan skólans má sjá í töflu 1. Tafla 2 sýnir fjölda nemenda við skólann árin 2009-2013. Nemendafjölda eftir námsbrautum á vorönn 2013 má sjá í Viðauka I.

Tafla 1. Meðalstærð námshópa á haustönn 2012 og vorönn 2013 (3)

Námshópur	Haustönn 2012	Vorönn 2013
Fjarnámshópar	4.7	4.2
Fornámshópar	13.8	11.4
Bóknámshópar	24.8	24.1
Verklegir áfangar	12.9	12.4

Tafla 2. Fjöldi nemenda á árunum 2009-2013

Skólaár/annir	Dagskóli	Fjarnám	Kvöldskóli	Samtals
Skólaárið 2009-2010				
• Haust	706	170	46	922
• Vor	662	137	38	837
Skólaárið 2010-2011				
• Haust	711	140	39	890
• Vor	716	165	36	881
Skólaárið 2011-2012				
• Haust	734	127	27	888
• Vor	691	115	20	806
Skólaárið 2012-2013				

Skólaár/annir	Dagskóli	Fjarnám	Kvöldskóli	Samtals
• Haust	745	161	26	932
• Vor	665	110	21	796

### 2.1.1. Aðsókn og inntaka nemenda

Umsóknum um skólavist hefur fækkað frá fyrra skólaári um 18, eða 3,9%. Í töflu 3 má sjá inntöku og aðsókn í FG. Að sögn yfirstjórnar felur heildartala umsókna í sér bæði þá sem velja FG í fyrsta og annað sæti og að munurinn milli þeirra sem velja FG í fyrsta sæti og þeirra sem teknir eru inn sé ekki ýkja mikill. FG sinnir fjölbreyttum hópi nemenda en helsta upptökusvæði skólans er Garðabær og Álftanes en skólinn veitir nemendum þaðan forgang við innritun. Það á þó ekki við um sérhæfðar brautir, listnámsbraut og íþróttabraut. Talið er að um 70% af hverjum árgangi í Garðabæ sækir nám í skólanum. Á haustönn 2012 voru um 50% nemenda skólans af upptökusvæði hans, þ.e. Garðabæ og Álftanesi, Tafla 4 sýnir dreifingu nemenda eftir búsetu á vor- og haustönn 2012 (4).

Tafla 3. Inntaka og aðsókn í Fjöbrautaskólann í Garðabæ.

Skólaár	Fjöldi umsókna	Fjöldi samþykktra umsókna	Hlutfall samþykktra umsókna
Skólaárið 2008	445	136	31%
Skólaárið 2009	654	209	32%
Skólaárið 2010	429	189	44%
Skólaárið 2011	463	178	38%
Skólaárið 2012	445	175	39%

Tafla 4. Dreifing nemenda eftir búsetu vor- og haustönn 2012.

Vor 2012		Haust 2012		Búseta
4	0,51%	3	0,33%	Mosfellsbær
7	0,88%	8	0,89%	Grindavík
8	1,01%	11	1,22%	Reykjanesbær
46	5,81%	61	6,79%	Landsbyggðin
71	8,96%	75	8,34%	Álftanes
72	9,09%	84	9,34%	Reykjavík
135	17,05%	144	16,02%	Kópavogur
141	17,80%	145	16,13%	Hafnarfjörður
308	38,89%	368	40,93%	Garðabær
792	100,00%	899	100%	

Til að draga til sín sem sterkasta nemendur voru stofnaðir svonefndir HG hópar, þar sem boðið var upp á ákveðna sérstöðu til að geta lokið náminu á styttri tíma. Þetta hefur tekist og skólinn fær til sín hóp nemenda sem hefur að sögn yfirstjórnar áhrif á allan nemendahópinn til aukins metnaðar í námi. Sú þjónusta sem HG hóparnir fengu í upphafi hefur nú færst yfir á alla nemendur, svo sem fyrirkomulag umsjónarkerfis.

### 2.1.2. Brottfall nemenda

Skólinn hefur ekki sett sér viðmið um brottfall. Tafla 5 sýnir brottfallshlutfall nemenda og heildartölur taka fjarnám með. En yfirstjórn segir yfirstandandi önn líta illa út og skráir niður ástæður. Svo virðist sem vanlíðan og kvíði sé helsta ástæðan. Það sem af er annar hafa 25 nemendur hætt og eru meginástæður, sem gefnar eru upp, andleg og líkamleg veikindi.

Tafla 5. Brottfall nemenda

Skólaár/annir	Brottfall nemenda	Brottfallshlutfall
Skólaárið 2009-2010		
Haust	10	1.1%
Vor	10	1.2%
Skólaárið 2010-2011		
Haust	16	1.8%
Vor	20	2.3%
Skólaárið 2011-2012		
Haust	10	1.1%
Vor	13	1.6%
Skólaárið 2012-2013		
Haust	14	1.8%

### 2.1.3. Árlegur kennslutími, forfallakennsla og kennslustundir sem nemendur hafa orðið af vegna forfalla kennara

Árlegur kennslutími skólaárið 2011-2012 voru alls 148 kennsludagar, þar af 73 haustið 2011 og 75 vorið 2012. Almenn stefna um forfallakennslu er á þann veg að nemendum er ekki veitt forfallakennsla vegna veikinda kennara nema um sé að ræða lengri forföll. Kennslustundir, sem nemendur hafa orðið af vegna forfalla kennara, hafa undanfarnar annir verið 4-5% af heildar kennslustundum annar (3).

### 2.1.4. Nám er vinnandi vegur

Skólinn var að sögn yfirstjórnar of seinn að sækja um þátttöku í verkefninu *Nám er vinnandi vegur* en árið 2013 sé forsenda þess eiginlega brostin og komið hafi í ljós að þeir skólar sem

boðið hafi upp á námið fái ekki nægar umsóknir. Hægt væri að koma við síðdegisnámi í leiklist en ekki væri talið heppilegt að blanda saman mjög ólíkum nemendum í það nám.

## 2.2. Mannauður

Við skólann starfa 59 kennarar þar með talið sjö kennslustjórar en auk þess teljast fjórir til yfirstjórnar skólans. Í henni eru auk skólameistara, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og verkefnastjóri, tvær konur og tveir karlmenn. Auk þeirra starfa við stjórnun fjármálastjóri, skrifstofustjóri, húsvörður og sjö kennslustjórar þ.e átta konur og tveir karlmenn. Starfsmenn eru 81 í 67.09 stöðugildum, þar af eru 28.4% karlar og 71.6% konur (3).

Starfsmannastefna skólans var samþykkt árið 2008 og var unnin í hópavinnu í framhaldi af hópeflisvinnu. Starfsmannastefna ríkisins var lögð til grundvallar stefnu skólans. Skv. stefnunni þá tekur hún til allra starfsmanna skólans og er henni ætlað að vera til hvatningar og upplýsingar. Enn fremur lýsir hún vilja skólans til þess að vera góður vinnustaður þar sem gott starf er unnið af áhugasömu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis. Með stefnunni er ætlað að tryggja starfsmönnum sem best starfsskilyrði og möguleika til að vaxa og dafna í starfi.

Í stefnunni er fjallað um ráðningar, starfsþróun, jafnrétti, samskipti og boðmiðlun, laun, starfsskilyrði og vinnuvernd, stjórnunarhætti, starfslok og framkvæmd og eftirfylgni starfsmannastefnunnar. Í stefnunni kemur fram að skólameistari sé ábyrgur fyrir að henni sé framfylgt og annað hvert ár skuli skólinn gera starfsáætlun um framkvæmd stefnunnar þar sem fram koma markmið, áherslur og aðgerðir skólans. Í lok tímabilsins skuli stjórnendur skólans meta árangur starfsáætlunarinnar og niðurstöður birtar í ársskýrslu (5). Stefnan verður að sögn yfirstjórnar til endurskoðunar í vor. Á aðgerðalista jafnréttisnefndar er að samræma jafnréttisstefnu og starfsmannastefnu og setja jafnréttisstefnu inn í starfsmannastefnuna.

### 2.2.1. Starfsaldur, starfsmannavelta og starfsmannasamtöl

Skv. starfsmannastefnu skólans skal næsti yfirmaður eiga starfsmannasamtöl við starfsmenn sína reglulega. Samtölunum er ætlað að auðvelda starfsmönnum og stjórnendum að ná settum markmiðum, að skerpa vitundina um þessi markmið og þá ábyrgð sem þeim fylgir. Starfsmannasamtölunum er einnig ætlað að byggja upp gagnkvæmt traust og þar fer fram umræða um líðan starfsmanna á vinnustað (5). Margir starfsmenn, sem rætt var við, sögðust síðast hafa farið í starfsmannasamtal í kringum 2009-10 en nokkrir kennarar töldu

sig ekki hafa átt starfsmannasamtal. Fram kom að mikil vinna við nýja skólanámskrá hefði ýtt til hliðar ýmsum verkefnum s.s. starfsmannasamtölum. Í stað þess fengu allir kennarar starfsmannasamtal við skólameistara eða aðstoðarskólameistara í tengslum við kennslukannanir haustannar 2011 og haustannar 2012 og þá voru haldnir sérstakir fundir með starfsmönnum skrifstofu svo og með skólalíðum og húsverði (6).

Að sögn starfsmanna hafa samtölin mælst vel fyrir og margir töldu þau styrkja sambandið í deildinni. Fram kom hjá kennurum og stjórnendum að í tengslum við innra mat skólans væri ein deild tekin út á hverju ári, og þá væru viðtöl tekin við kennara þeirrar deildar. Þetta hefur verið gert hjá tveimur deildum sem báðar eru stórar og hjá kennurum og stjórnendum kom fram ánægja með þetta ferli sem hefði á vissan hátt bætt upp að ekki voru tekin starfsmannasamtöl. Starfsmannaveltu skólans og ráðningar árin 2009-2012 má sjá í töflu 6 og í töflu 7 má sjá starfsaldur starfsfólks og kennara við skólann. (3).

Tafla 6. Yfirlit yfir starfsmannaveltu skólans árin 2009-2012

Ár	Hætta v.aldurs	Segja upp	Hætta v.tímabundinnar ráðningar	Sagt upp	Nýráðnir	Tímabundnar ráðningar
2009		1			3	
2010	1				4	
2011	2	2	1		2	1
2012	1				5	3

Tafla 7. Meðalstarfsaldur starfsfólks skólans.

Starfsmenn	Meðal starfsaldur	Starfsaldur flestra
Allir starfsmenn	11 ár	7 ár
Kennarar	11 ár	7 ár

## 2.2.2. Menntun kennara og móttaka nýrra starfsmanna

*Leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari má aðeins veita þeim sem lokið hefur: 1). meistaraprófi frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga nr. 63/2006, á fræðasviði sem ráðherra viðurkennir til kennslu á framhaldsskólastigi; eða 2).öðru námi sem jafngildir meistaraprófi skv. 1. tölul. og ráðherra viðurkennir til kennslu á framhaldsskólastigi; eða 3).meistararéttindum í iðngrein sem nýtist til kennslu á framhaldsskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, auk 60 eininga náms í kennslu- og uppeldisfræði; eða 4).fullgildu lokaprófi í listgrein, tæknigrein eða verkgrein sem nýtist til kennslu á framhaldsskólastigi í skilgreindri námsgrein eða á skilgreindu námssviði, enda komi slík sérhæfing fram í leyfisbréfi. Skal menntun a.m.k. vera 270–300 námseiningar, þar af að lágmarki 60 námseiningar í kennslu og uppeldisfræði.<sup>1</sup>*

<sup>1</sup> Lög nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og

Allir kennarar skólans hafa full réttindi til kennslu í framhaldsskóla. Skólinn hefur ferli fyrir móttöku nýrra kennara sem hefur gengið mjög vel að sögn stjórnenda og kennara. Kennslustjóri ber ábyrgð á ferlinu. Tafla 8 sýnir menntun kennara (3).

**Tafla 8. Menntun kennara Fjölbrautaskólans í Garðabæ haustið 2012.**

Menntun	Fjöldi
Minna en BA / BS / B.ed	4
BA / BS / B.ed auk kennslu réttinda	15
Viðbótarnám án MS	11
MA / M.sc / M. Ed	24
Doktorspróf	1

### 2.2.3. Sí- og endurmenntun

Skólinn hefur sett sér endurmenntunaráætlun. Þar kemur fram að sí- og endurmenntun sé leið til þess að viðhalda og auka verðmæti starfsfólks. Endurmenntun geti farið fram á skólatíma og utan hans og er gert ráð fyrir kostnaði í tengslum við endurmenntun í fjárhagsáætlun skólans. Endurmenntun starfsfólks getur annars vegar falið í sér fyrirlestur og/eða námskeið sem eru í samræmi við stefnuskrá skólans, áhersluatriði eða þróunarvinnu sem skólinn telur æskilegt að starfsfólk hans sækji og hins vegar af námskeiðum sem starfsfólk óskar sjálf eftir að sækja. Í deilimarkmiðum skólans kemur fram að  $\frac{3}{4}$  kennara skulu sækja námskeið árlega og hafði það markmið náðst árið 2012 (4).

Umfang endurmenntunar hverju sinni ræðst af fjármagni, forgangsöröðun og áherslum skólans. Starfstengd endurmenntun að ósk stjórnenda er fjármögnuð af skólanum en einnig er reynt að styrkja aðra endurmenntun starfsfólks sem er fagtengd eða talin geta nýst í starfi. Í áætluninni kemur fram að endurskoðun áætlunarinnar fari fram með þeim hætti að starfsmenn koma með tillögu um hvaða fræðsla sé brýnust sem síðan er forgangsraðað á fundum starfsmanna og skólastjórnenda (7).

Stór hluti kennara hefur bætt við sig meistaranámi og að sögn skólameistara styður skólinn þá til að sækja sér aukna menntun með því að hlíðra til í starfi eftir því sem hægt er. Skólinn hefur staðið fyrir sí- og endurmenntun starfsmanna í tengslum við starfsemi skólans, s.s. kynjafræði og kennsluhætti vegna nýrrar námskrár. Endurmenntun er skráð miðlægt og sjá kennarar um að skrá hana hver fyrir sig. Skólinn hefur að sögn stjórnenda reynt að bregðast við þörfum um miðlæga fræðslu sem kemur fram í starfsmannasamtölum.

Framboð á endurmenntun hefur að mestu leyti verið nægjanlegt að sögn kennara. Það viðhorf kom fram hjá kennurum að þeir fengju stuðning til að afla sér endurmenntunar, en ekki beinlínis hvatningu eða hrós. Endurmenntun innan skólans sé nægileg. Meðal

kennara kom fram að oft væri erfitt að nálgast endurmenntun á starfstíma, því enginn væri til að leysa af. Þetta hefði þó lagast undanfarin ár.

#### 2.2.4. Starfsánægja

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar *Stofnun ársins* 2012 var meðaltal þáttarins ánægja og stolt hjá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ 4.44, á fimm punkta kvarða, sem er á svonefndu styrkleikabili <4,2, og hafði þá haldist á svipuðu róli og frá því árinu áður (8) (9). Í eldri könnunum má sjá að starfsánægja hefur verið nokkuð há eða 79 af 100 og einnig hollusta (89 af 100) og tryggð (86 af 100) (10). Niðurstöður könnunarinnar *Stofnun ársins* 2012 sýna að starfsandi meðal starfsmanna skólans sé 4.46 en ómögulegt er að rýna nánar í einsök atriði þar sem skólinn hefur ekki keypt ítarlegar niðurstöður (9). Í viðtölum og rýnihópum allra starfsmanna kom fram að starfsánægja væri mikil.

### 2.3. Áherslur og stefna skólans

Hlutverk og markmið Fjölbrautaskólans í Garðabæ eru eftirfarandi skv. ársskýrslu skólans 2012:

*Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ er að efla alhliða þroska nemenda skólans svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, í starfi, frekara námi og leik.*

*Fjölbrautaskólinn í Garðabæ mun leitast við að bjóða upp á fjölbreytt og gott nám, hvetja nemendur til stöðugrar þekkingarleitar og þjálfa þá í ögudum og sjálfstæðum vinnubrögðum, auka víðsýni nemenda, efla frumkvæði þeirra og þjálfa þá í gagnrýninni hugsun, efla ábyrgðarkennd nemenda, sjálfstraust þeirra, háttvísi og umburðarlyndi, þjálfa nemendur í að njóta menningarlegra verðmæta.*

*Meginmarkmið skólans er að námið studli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Markmiðum þessum hyggst skólinn ná með því að:*

- auka námsframboð og efla kennslu og stöðþjónustu
- gera stjórnun skilvirka
- skapa gott húsnæði og bæta búnað
- efla hollt félagslíf nemenda
- bæta umgengni í skólanum
- bæta ástundun nemenda
- auka samvinnu við íbúa, fyrirtæki og aðra skóla
- efla útgáfustarfsemi og kynningu á starfsemi skólans (4).

Áhersla er lögð á traust almennt bóknám í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla og sérstaka uppbyggingu ýmissa brauta, s.s. listnámsbrauta og skólinn hefur að sögn þeirra sem rætt var við í úttektinni náð að skapa sér sérstöðu á þeim vettvangi. Stefnuskrá skólans

er frá 2009 og hefur verið unnið að endurbótum á henni í tengslum við nýja námskrá. Nýr skólasamningur hefur einnig tekið gildi og að sögn skólameistara þarf einhverju að breyta í stefnu skólans vegna þess.

Skólinn hefur sett sér markmið og mælikvarða til þess að bæta gæði skólastarfsins en þau eru m.a. að 98% allra dagskólanemenda skili sér í próf í annarlok, 85% allra fjarnema skili sér í próf í annarlok, 25% nemenda verði með yfir 96% skólasókn í lok annar, 50% nemenda verði með yfir 92% skólasókn í lok annar, 70% nemenda verði með yfir 87% skólasókn í lok annar (6). Markmið um skólasókn hafa ekki náðst undanfarnar annir og segir yfirstjórn mikilvægt að leita leiða til úrbóta.

Að sögn stjórnenda hefur verið unnið að því að uppfæra stefnu skólans og skólanámskrá út frá aðalnámskrá. Stjórnendur FG segjast lítið finna fyrir umræðunni um ágreining Kennarasambands Íslands (KÍ) og mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna nýrrar menntastefnu og laga. Skólinn sótti um styrk til þróunarsjóðs til verksins sem hefur miðað vel að þeirra sögn. Kennarar og stjórnendur hafa komið að vinnunni en hvorki náms- og starfsráðgjafar né nemendur. Starfandi skólanefnd var skipuð í janúar 2013 og hefur hún ekki komið að endurskoðuninni. Á fundum fráfarandi nefndar hefur skv. fundargerðum verið farið yfir stöðu mála (11).

Skólinn hóf kennslu skv. nýrri aðalnámskrá haustið 2012 og var meðal fyrstu framhaldsskóla sem það gerðu (sjá nánar í kafla 3 um skólanámskrá). Í framkvæmdáætlun skólans 2012 – 2013 kemur fram að skipulega verði unnið áfram að innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga á vorönn, m.a. almennum hluta skólanámskrár (12).

### 2.3.1. Stefna og viðbragðsáætlun í eineltismálum

Skólinn hefur sett sér stefnu og áætlun í eineltismálum og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans. Þar segir:

*...starfsmenn/nemendur sýni samstarfsfólki sínu og nemendum alltaf kurteisi og virðingu í samskiptum. Einelti og kynferðisleg áreitni verður undir engum kringumstæðum umborin í skólanum. Meðvirkni starfsmanna/nemenda í einelti er fordæmd.*

Viðbragðsáætlun eineltis er tvískipt, annars vegar fyrir starfsmenn og hins vegar fyrir nemendur. Ennfremur kemur fram að stjórnendur skólans beri ábyrgð á því að grundvallareglur samskipta í skólanum séu virtar, að starfsmönnum sé kynnt stefnan og áætlunin við upphaf starfs og hún sé rifjuð upp reglulega á starfsmannafundum og opnum fundum með nemendum skólans (13). Sjá nánar um einelti í kafla 6.2.



### 2.3.2. Jafnréttisstefna

*Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skulu setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína.<sup>2</sup>*

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ leggur áherslu á að jafnræðis og jafnréttis sé gætt á öllum sviðum skólastarfsins. Í því felst að óheimilt er að mismuna starfsmönnum eftir aldri, kynferði, kynþætti, kynhneigð, fötlun, þjóðerni, trúarskoðunum, stjórnmalaskoðunum eða af öðrum ómálefnalegum ástæðum. Jafnréttisstefna Fjölbrautaskólans í Garðabæ hvílir á þremur meginstöðum: Jafnréttisáætlun, stefnu í málefnum fatlaðra og stefnu gegn mismunun. Mikilvægt er að starfsmenn virði jafnréttisstefnuna og vinni í anda hennar (12).

Líkt og lög nr. 10/2008 segja fyrir um þá hefur skólinn sett sér jafnréttisáætlun og framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir skólaárið 2012 – 2013. Áætlunin var unnin af jafnréttisnefnd skólans vorið 2012. Í áætluninni eru sett fram sex verkefni sem unnin skulu á skólaárinu til að stuðla að jafnrétti. Enn fremur er tekið fram hvert markmiðið er með verkefninu, hver ber ábyrgð á því, framkvæmd þess og tímamörk. Meðal verkefna fyrir skólaárið 2012 – 2013 er að gera jafnréttismál sýnilegri á heimasíðu skólans (14).

Hlutfall kynja í hópi starfsmanna er 38% karlar og 62% konur og hlutfall kynja í stjórnun er 28.6% karlar og 71.4% konur. Árið 2012 var gerð launakönnun meðal starfsmanna við skólann þar sem launamunur kom fram og var farið að sögn stjórnenda og starfsmanna yfir þann mun og hann útskýrður. Þar kom m.a. fram að konur radast að meðaltali í hærri launaflokka en karlar vinna meiri yfirvinnu. Sjá kafla 6.4 um jafnrétti meðal nemenda.

### 2.3.3. Forvarnar- og lýðheilsustefna

Skólinn hefur stefnu í heilsumálum í tengslum við þátttöku skólans í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli* (15) sjá nánar í kafla 2.3.4. Stefnunni er ætlað að hafa áhrif á allar daglegar venjur og starf í skólanum. Stefnan tekur til sex þátta; næringu, öryggi, hollustu, hreyfingu, geðrækt og heilbrigðs lífstíls. Fyrir hvern þátt er skilgreint markmið og leiðir að því markmiði.

Við skólann er einnig forvarnarteymi og fer forvarnarfulltrúi fyrir starfi þess (16). Hlutverk teymisins er að skipuleggja forvarnarstarf við skólann (17). Í forvarnarteyminu sitja, auk forvarnarfulltrúa, tveir námsráðgjafar, áfangafulltrúi og áfangastjóri. Í forvarnarstefnu (18) kemur fram að markmið skólans sé að skólinn stuðli:

---

<sup>2</sup> Lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 13.gr.

... að heilbrigðum lífsháttum og jákvæðri lífssýn nemenda sinna og vinna gegn hverskyns sjálfseyðandi hegðun.

Forvarnarteymi skólans hefur staðið fyrir fræðslu fyrir bæði kynin, t.d. sjálfstyrkingu og kynfræðslu fyrir stúlkur og fræðslu til að taka á virðingarleysi pilta gagnvart kvenfólki. Á 2. önn er fræðsla um betri líðan, virðingu og kynfræðslu. Fram kom í rýnihópum að munntóbak sé nú að mestu horfið úr skólanum en reykingarnar séu erfiðari viðfangs. Fram kom hjá yfirstjórn að vilji væri fyrir frekara samstarfi við forvarnarnefnd Garðabæjar. Í könnun Rannsóknar og greiningar árið 2013 kemur fram í samanburði milli framhaldsskóla að hlutfall nemenda í FG sem reykja sígarettur daglega er 7,1 %. Ellefu skólar eru þar með lægra hlutfall en FG og nítján hærra. Hlutfall nemenda í FG sem hafa orðið ölvaðir s.l. 30 daga er um 45%. Tólf skólar eru þar með lægra hlutfall en FG og átján hærra. Neysla annarra vímuefna nemenda FG er svipuð og meðaltal annarra framhaldsskóla (19).

#### 2.3.4. Heilsueflandi framhaldsskóli

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ tekur þátt í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*. Þar er byggt á þeirri stefnu að nálgast forvarnir út frá jákvæðu og víðu samhengi og stuðla þannig að auknum árangri og meiri vellíðan í skólasamfélaginu (20). Skipaður hefur verið sjö manna stýrihópur vegna verkefnisins en forvarnafulltrúi stýrir því. Lýðheilsustöð heldur utan um verkefnið sem 31 framhaldsskóli á landinu taka þátt í, en verkefnið var þróað í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið og Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) undir formerkjum HOFF samstarfsins. Megináherslur verkefnisins eru á fjögur þemu; *næring, hreyfing, gedrækt og lífsstíll* en miðað er við að eitt viðfangsefni sé tekið fyrir á hverju skólaári. Hafi skólinn uppfyllt viðeigandi lágmarkskröfur öðlast hann bronsviðurkenningu en silfur og gullviðurkenning er í boði fyrir skóla sem uppfylla kröfur umfram lágmarkskröfur (20).

Mötuneyti nemenda er einkarekið og í rýnihópi nemenda koma fram mikil óánægja með það. Margir nemendur færu frekar yfir götuna til að kaupa sé mat en að kaupa hann í mötuneytinu. Meðal kennara kom fram að þeir hefðu á tilfinningunni að mötuneytið væri ekki neinn „hollustubar“ og að maturinn þætti dýr. Fram kom hjá kennurum að þeim finnst margir nemenda hafa mikinn áhuga á því sem þeir láta ofan í sig.

Skv. stjórnendum mættu nemendur hreyfa sig meira en lögð hafi verið áhersla á hreyfingu þetta skólaár. Nemendur í rýnihópi sögðu að hreyfing hefði ekki verið tengd sérstaklega við hugtakið „heilsueflandi skóli“. Kennarar sögðust ekki fá styrk til að stunda líkamsrækt eins og víða væri en þeir hefðu verið afnumdir fyrir nokkrum árum. Að sögn skólameistara var það vegna fjárskorts.

### 2.3.5. Umhverfisstefna

Skólinn hefur umhverfisstefnu sem tekur til allrar starfsemi skólans (21). Skv. henni er það vilji skólans að taka ábyrgð á umhverfismálum innan sem utan hans. Umhverfisstefnu skólans er einnig ætlað að vera til hvatningar fyrir starfsmenn og nemendur skólans í öllu því sem snýr að umhverfismálum. Í stefnunni kemur fram að það er markmið skólans að sýna ávallt árvekni í umhverfismálum og hafa frumkvæði að umbótum. Í stefnunni kemur fram að hún er endurskoðuð reglulega í samræmi við aðstæður hverju sinni og framkvæmdaáætlun í umhverfismálum sé hluti af starfsáætlun skólans.

Að sögn yfirstjórnar vill skólinn gjarnan standa sig betur í umhverfismálum en nú er. Að sögn skólameistara fylgir mikill kostnaður flokkun á úrgangi. Reynt væri að kaupa inn það sem er ódýrast, sem væri ekki alltaf umhverfissvænt. Pappír er flokkaður og starfsfólk hefur sótt námskeið um vistvæn innkaup. Á hverju vori sér skólinn um að hreinsa lóð og lækinn í nágrenni skólans.

### 2.3.6. Sérstakar áherslur sem sveitarfélagið hefur lagt

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ er ríkisrekinn skóli en er að sögn stjórnenda í ágætu samstarfi við Garðabæ. Sveitafélagið tilnefnir ennfremur tvo fulltrúa í skólanefnd. Skólastefna Garðabæjar 2010-2013 var gefin út 2010. Leiðarljós hennar eru metnaður - virðing - sköpun – gleði og hornsteinar stefnunnar eru nám og kennsla, umhverfi og skipulag, hollusta og hreyfing, lýðræði og virðing og tónlist og menning. Sveitarfélagið hefur sýnt áhuga á að yfirtaka rekstur FG sjá nánar í kafla 3.2.

## 2.4. Húsnæði og aðbúnaður

Skólinn er í 5157 fm<sup>2</sup> húsnæði. Það skiptist í 621 fm<sup>2</sup> (12%) starfsmannarými, 2135 fm<sup>2</sup> (41%) námsrými, 672.6 fm<sup>2</sup> (13%) félagsrými, 513.9 fm<sup>2</sup> (10%) þjónusturými og 1215 fm<sup>2</sup> (23%) sem skilgreint er sem tengirými (22). Að sögn stjórnenda og starfsmanna er húsnæðið mjög gott en skólinn hefur tekið inn fleiri nemendur er húsnæðið er ætlað til. Til stóð að byggja við skólann 2008 en þeirri viðbyggingu hefur verið frestað. Nú er unnið við undirbúning að viðbyggingu skólans fyrir list- og verkgreinakennslu og kennslu á starfsbraut og unnið er að lagfæringum á húsnæði bókasafns og tölvustofa (4). Að sögn starfsmanna og nemenda er bókasafnið gott og nýttist vel.

### 2.4.1. Eftirlit úttektaraðila

Að sögn skólameistara er fylgt verklagsreglum Fasteigna ríkissjóðs við eftirlit á skólahúsnæði. Fasteignir ríkissjóðs framkvæmdu reglubundið eftirlit á loftræstikerfum í október 2012 og gerðu athugasemdir m.a. um blásara í mótuneyti. Securitas gerði úttekt á innbrotsviðvaranakerfi skólans haustið 2010 og voru engar athugasemdir gerðar. Rafval yfirfór og prófaði útiljós í nóvember 2012 án athugasemda. Vinnueftirlitið gerði úttekt á húsnæði og aðbúnaði skólans haustið 2006. Úttekt á húsnæðinu leiddi í ljós að skipulag innra vinnuverndarstarfs skólans uppfyllti ekki lágmarksákvæði gildandi laga og reglna en vinnuaðstæður uppfylltu í meginatriðum þau ákvæði. Skólinn hefur að sögn skólameistara brugðist við og bætt úr eftir því sem hægt var. Vinnueftirlitið gerði úttekt á eldhúsi starfsbrautar árið 2009 að ósk skólans. Niðurstaðan var að aðstaðan væri slæm og loft yrði bágborið ef margir væru inni á sama tíma. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins tók út brunavarnir skólans í október 2012 þar sem gerðar voru óverulegar athugasemdir. Skólinn hefur brugðist við athugasemdum. Meðal annars hefur verið komið upp merkingum þar sem sjúkrakassar eru og sú stofa, þar sem gas er, merkt sérstaklega. Hurðastopparar voru einnig settir upp vegna eldvarna. Ekki var unnt að finna nýja aðstöðu fyrir eldhús starfsbrautar en skólameistari segir það vonandi verða með viðbyggingu við skólann.

### 2.4.2. Öryggisnefnd skólans

Við skólann er starfrækt öryggisnefnd (16). Hana skipa fjórir aðilar. Hlutverk öryggisnefndar er að leiðbeina hvernig hægt sé að tryggja starfsmönnum skólans og nemendum starfsumhverfi sem stenst ítrustu kröfur um öryggi, hollustu og vinnuvernd (15).

## 2.5. Lög og reglugerðir

FG hefur að mestu lokið við skólanámskrá og skipulagt áfanga með tilliti til þrepaskiptingar og grunnþátta aðalnámskrár. Skólinn vill tryggja að nemendur séu vel búnir undir háskólanám en að sögn yfirstjórnar er það ekki á valdi skólans að semja um einingakerfið. Skólinn hafi því einbeitt sér að skólastarfinu, brautunum og kennsluáætlunum. Áfangalýsingar séu allar í samræmi við einingar sem geri yfirfærslu einfalda.

## 2.6. Áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins

Í kjölfar efnahagshrunsins hefur að sögn stjórnenda verið viðvarandi fjárskortur sem komi niður á öllu starfi skólans og sérstaklega tækjabúnaði, svo sem tölvum.

## 2.7. Námsbrautir

Við skólann eru níu námsbrautir. Hér á eftir verður fjallað nánar um hverja og eina braut eins og hún kemur fyrir í námsvísi skólans (23).

### 2.7.1. Almenn námsbraut

Almenn námsbraut er annars vegar ætluð þeim nemendum sem ekki hafa gert upp hug sinn um áframhaldandi nám í framhaldsskóla og hins vegar nemendum sem ekki hafa náð lágmarkseinkunn inn á aðrar brautir eða hafa ekki tekið samræmd próf. Markmið námsins er *að veita góða undirstöðu í kjarnagreinum og jafnframt að efla sjálfstraust og sjálfsskilning nemenda og rækta með þeim jákvætt viðhorf til náms og starfs*. Nemendur geta útskrifast af almennri braut eftir eitt ár. Til þess að ljúka framhaldsskólaprófi af almennri braut þarf nemandi þó að hafa lokið að lágmarki 23 einingum.

### 2.7.2. Félagsfræðabraut

Félagsfræðabraut er ætlað *að veita nemendum góða og almenna undirstöðuþekkingu í bóklegu námi með áherslu á samfélagsgreinar*. Enn fremur að búa nemendur undir framhaldsnám á háskólastigi, einkum á sviði félagsvísinda. Hún er átta anna nám.

### 2.7.3. Málabraut

Málabraut er ætlað *að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegum greinum með áherslu á erlend tungumál*. Brautinni er ætlað að búa nemendur undir áframhaldandi nám á háskólastigi, einkum þar sem krafa er um góða tungumálakunnáttu. Námið er skipulagt sem átta annir.

### 2.7.4. Náttúrufræðibraut

Náttúrufræðibraut er ætlað *að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegum greinum með áherslu á sérsvið náttúruvísinda* og er ætlað að búa nemendur undir

frekara nám á háskólastigi í náttúruvísindum, stærðfræði og öðrum greinum sem byggjast á góðri undirstöðu í náttúruvísindum. Námið er skipulagt sem átta annir.

#### 2.7.5. Viðskipta- og hagfræðibraut

Námi á brautinni er ætlað að *veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegum greinum með áherslu á sérsvið viðskiptagreina*. Brautinni er ætlað að búa nemendur undir nám á háskólastigi í viðskiptafræði, hagfræði eða öðrum greinum sem byggja á góðri undirstöðu í viðskiptagreinum. Námið er skipulagt sem átta annir.

#### 2.7.6. Listnámsbraut

Námi á brautinni er ætlað að leggja grunn að frekara námi í listgreinum í sérskólum eða á háskólastigi. Námið er skipulagt sem þriggja ára námsbraut en þó gefst kostur á að bæta við einingum í bóklegum greinum og afla sér þar með almennra réttinda til náms á háskólastigi.

#### 2.7.7. Starfsbraut

Starfsbrautin er ætluð fötluðum nemendum sem hafa verið í sérdeild eða sérskólum og/eða fengið námsmat (sbr. lög um framhaldsskóla) og geta ekki nýtt sér almennt námsframboð framhaldsskóla. Markmið brautarinnar er m.a. að nemendur fái einstaklingsmiðað nám, auki sjálfstraust sitt, sjálfstæði og samskiptahæfni til daglegra athafna, fái tækifæri til þátttöku á vinnumarkaði að loknu námi o.fl. Námið er skipulagt sem fjögurra ára nám sem byggist á bóklegum og verklegum þáttum eftir því sem við verður komið.

#### 2.7.8. Íþróttabraut

Markmið með námi á íþróttabraut er að veita nemendum fræðilega og verklega undirstöðuþekkingu í kennslu og þjálfun íþróttar og hreyfináms fyrir börn og unglunga. Námið er skilgreint sem starfsnám við þjálfun barna og unglunga hjá félagasamtökum og skólum. Meðalnámstími er fjórar annir en námið nýtist sem heppilegur undirbúningur fyrir frekara nám á sviði íþróttufræða. Þá er möguleiki á viðbótanámi til stúdentsprófs af íþróttabraut.

#### 2.7.9. Tískubraut

Tískubraut er ætlað að búa nemendur undir störf innan textílgeirans. Meðalnámstími er tvær annir. Námslok eru staðfest með skírteini en námið veitir ekki réttindi.

## 2.8. Mat úttektaraðila

- Fjölbrautaskólinn í Garðabæ er framhaldsskóli með þá sérstöðu að þjóna breiðum hópi nemenda. Hann hefur auk hefðbundis bóknáms og starfsnáms lagt sérstaka áherslu á listnám. Athygli vekur mikil uppbygging listnámsbrauta sem hefur laðað að nemendur víðs vegar að. Allir viðmælendur í úttektinni virtust sammála um að skólanum hafi tekist að ná því að vera fjölbreyttur skóli sem reyni að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda.
- Nemendum hefur í heild fækkað síðan haustið 2009 og munar þar mest um umtalsverða fækkun í fjarnámi og kvöldskóla.
- Stefna og markmið skólans eru vel skilgreind og ná til flestra þátta skólasamfélagsins og er stefnan í endurskoðun í tengslum við nýja skólanámskrá.
- Kennarar skólans eru allir menntaðir á sínu fagsviði og hafa full réttindi til kennslu í framhaldsskóla. Skólinn hefur ferli fyrir móttöku nýrra kennara þar sem ábyrgð kennslustjóra er skýr. Móttakan virðist hafa gengið mjög vel.
- Formleg sí-og/eða endurmenntunarstefna/-áætlun er til staðar. Þar er lögð áhersla á markvissa endurmenntun allra starfsmanna út frá þörfum skólans og starfsfólks hans og viðmið skilgreind. Framboð á endurmenntun kennara virðist nægjanlegt svo og stuðningur stjórnenda en kennarar segjast óska eftir enn meiri hvatningu.
- Húsnæði skólans uppfyllir þarfir skólans en mætti þó vera stærra miðað við núverandi starfsemi og nemendafjölda.
- Skólinn tekur þátt í verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*. Fram kom hjá nemendaráði að það hefði ekki verið með í ráðum þegar ákvörðun var tekin um framkvæmd þess. Mikilvægt er að ráðgast sé við nemendur þegar ákvarðanir sem tengjast hag þeirra eru teknar sbr. aðalnámskrá framhaldsskóla. Þá komu fram skiptar skoðanir um hvort mótuneytið stæðist markmið verkefnisins og er því lagt til að það verði kannað frekar hyggist skólinn halda áfram þátttöku í verkefninu.
- Starfsánægja meðal starfsmanna Fjölbrautaskólans í Garðabæ mælist í flestum þáttum á svonefndu styrkleikabili ( $\geq 4,2$  af 5) sem er töluvert hærra en meðaltal allra stofnana í könnuninni *Stofnun ársins*. Í Cranet könnun 2009, sem lögð var fyrir fyrirtæki og stofnanir á Íslandi, mælist starfsánægja 4,1 af 5,0 að meðaltali hjá öllum fyrirtækjum og stofnunum (24). Gagnlegt væri fyrir skólann að útvega sér ítarlegri niðurstöður könnunarinnar *Stofnun ársins* svo rýna megi nánar í einstök atriði.
- Ánægja er meðal nemenda og starfsfólks með þjónustu bókasafns.
- Skv. starfsmannastefnu skólans skal næsti yfirmaður eiga starfsmannasamtöl við starfsmenn sína reglulega en það markmið hefur ekki náðst að öllu leyti. Fram kom

að mikil vinna við nýja skólanámskrá hefði ýtt til hliðar ýmsum verkefnum s.s. starfsmannasamtölum en starfsfólki hefði verið bætt það upp með öðrum samtölum og fundum. Í sameiginlegri framkvæmdaáætlun fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og KÍ vegna framhaldsskóla kemur fram að „ráðuneytið muni ganga eftir að stofnanir hafi virka starfsmannastefnu þar sem fram komi að þær uppfylli lágmarkskröfur um árleg starfsmannasamtöl þar sem starfslýsingar og starfsþróunaráætlanir starfsmanna eru yfirfarnar“ (25). Telja má eðlilegt að framvegis verði árleg starfsmannasamtöl í skólanum.

- Svo virðist sem hagræðingaraðgerðir í kjölfar efnahagshruns hafi að miklu leyti komið niður á aðbúnaði en minna á faglegu starfi. Þó kvörtuðu kennarar yfir að námshópar hefðu stækkað en skólameistari sagði svo ekki vera skv. tölfræði skólans.
- Brottfall frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ árin 2009 – 2012 hefur verið að meðaltali 1.6%. Til samanburðar skoðaði Hagstofa Íslands brottfall úr framhaldsskólum 2002 – 2003 og var það þá 19,3% miðað við öll kennsluform (26). Í úttekt á Menntaskólanum við Hamrahlíð árið 2011, kom fram að brottfall þar var árin 2008 – 2011 á bilinu 3,6% - 5,3% og í úttekt á Verkmenntaskólanum á Akureyri sama ár kom fram að brottfall var á sama tímabili 8,7% - 10,32 (27). Ólíkar skilgreiningar eru til á brottfalli og ætla má að þeir nemendur sem fara frá einum skóla í annan séu taldir til brottfallsnemenda í sumum tilvikum.
- Skólinn hefur sett sér jafnréttisstefnu. Kynjahlutfall meðal nemenda er nokkuð jafnt en konur eru um 2/3 af starfsfólki skólans og karlmenn um 1/3. Í allri stjórnun skólans er hlutfall kynja 28,6% karlar og 71,4% konur sem endurspeglar hlutfall karla og kvenna við skólann (sjá nánar í kafla 4.4). Jákvætt er að skólinn hefur kannað launamun kynja við skólann og kynnt niðurstöður hennar.
- Forvarnar- og lýðheilsustefna er við skólann og forvarnarteymi hefur verið virkt, m.a. skipulagt fræðslu fyrir nemendur. Svo virðist sem tekist hafi að útrýma munntóbaki úr skólanum. Skýrar reglur eru um vímuefni í skóla en hvatt er til að rýnt verði betur í tölur um vímuefni í könnun á líðan nemenda og brugðist við þeim.
- Í skólanum eru níu námsbrautir og yfir 300 áfangar í boði og unnið er að nýjum brautum. Því má segja að skólinn nái því markmiði sínu að þjóna breiðum hópi nemenda.



### 3. SKÓLANÁMSKRÁ

---

*Sérhver framhaldsskóli skal gefa út skólanámskrá. Skólanámskrá skiptist í tvo hluta, almennan hluta og námsbrautarlýsingar. Í almennum hluta skólanámskrár skal gerð grein fyrir starfsemi skólans, helstu áherslum og stefnumörkun, stjórnskipan, námsframboði og skipulagi náms, kennsluháttum, námsmati, stuðningi, ráðgjöf og þjónustu við nemendur, réttindum og skyldum nemenda, foreldrasamstarfi og samstarfi við utanáðkomandi aðila, sjálfsmati og gæðamálum og öðru sem skóli kýs að kveða á um í skólanámskrá. Jafnframt skal skóli gera grein fyrir því hvernig hann uppfyllir skilyrði samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og markmið laga þessara og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Um setningu námsbrautarlýsinga í skólanámskrá skal farið að ákvæðum 23. gr. Skólanámskrá skal staðfest af skólanefnd að fenginni umsögn skólafundar, sbr. 5. gr. Skólanefnd fylgist með framkvæmd skólanámskrár.<sup>3</sup>*

Skólanámskrá Fjölbrautaskólans í Garðabæ nefnist Námsvísir og er að hluta til frá árinu 1987. Á heimasíðu skólans kemur fram að námsvísirinn sé gefinn út á tveggja ára fresti, síðast árið 2009, en unnið sé að nýjum námsvísi (23) sjá kafla 3.1. Að sögn yfirstjórnar hafa kennarar og stjórnendur komið að mótun námsvísisins og hann verið kynntur í skólaráði og skólanefnd.

Í almenna hluta námsvísisins eru upplýsingar um hlutverk, markmið og stefnu skólans, uppbyggingu námsins og námsleiðir, skólareglur, reglur um inntöku nemenda, skólasókn, námsframvindu, próf, réttindi og skyldur nemenda og skóla, ýmsar undanþágur, mat á skólastarfi, meðferð persónuupplýsinga og samskipti nemenda og starfsfólks og starfssvið starfsmanna. Í kaflanum um námsbrautir og flokkun námsbrauta er greint frá þeim námsáföngum sem þarf að ljúka á hverri braut og einnig þeim námsgreinum sem skólinn kennir. Í formála útgáfunnar 2009 tekur skólameistari fram að þar sem fyrir dyrum standi gagnger breyting á námskrá framhaldsskóla í kjölfar nýrra laga séu breytingar litlar.

#### 3.1. Endurskoðun skólanámskrár

Endurskoðun skólanámskrár út frá nýrri aðalnámskrá er vel á veg komin að sögn stjórnenda. Í október 2008 var haldinn kennarafundur um námskrárvinnu og gæðahópar skipaðir. Fengin var fræðsla um lögin og nýja námskipan. Í byrjun árs 2009 var fundur um tillögur gæðahópanna og farið yfir spurninguna „Hvernig skóli á FG að vera?“ Megin niðurstaðan var sú að kennarar vildu nokkurn veginn halda sig við það fyrirkomulag sem fyrir var, þ.e. skóla

---

<sup>3</sup> Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla, 22. gr.

með bóknámi, listnámi og íþróttabraut. Á vorönn unnu kennarar að lokamarkmiðum og tillögum að brautum. Í vinnunni var m.a. stuðst við könnun á viðhorfum fyrrverandi nemenda skólans þar sem kom fram að gera mætti meiri kröfur til nemenda m.a. í ensku og stærðfræði og að auka þyrfti ritun og þá sérstaklega heimildaritun. Þetta skólaár áttu stjórnendur og kennslustjórar samvinnu við Flensborg og Menntaskólann á Egilsstöðum.

Í upphafi skólaársins 2009 - 2010 ákvað ráðuneytið að fresta gildistöku framhaldsskólalaga til hausts 2015 í stað 2011 vegna slæms efnahagsástands í íslensku samfélagi. Við það kom hik á marga skóla. Ákveðið var í FG að halda vinnunni áfram og unnið áfram að nýjum brautum sem gekk misvel. Áfram var fræðsla um innleiðingu laganna.

Haustið 2011 var ráðinn verkefnastjóri til að stýra námskrárvinnunni. Skólinn sótti um þróunarstyrk og fékk 10 milljónir. Teknar voru ákvarðanir um eftirfarandi:

- Að halda sig við gamlar einingar þar til samið yrði við KÍ.
- Að skipulag skólans verði fjögurra ára skóli til stúdentsprófs.
- Að byrjað verði á því að ljúka við stúdentsbrautir áður en unnið yrði í öðrum brautum.

Brautarstjórar, kennslustjórar og yfirstjórn unnu að tillögum sem voru kynntar á kennarafundum. Lokið var við brautarlýsingar að öllum stúdentsbrautum og skólinn fékk tilraunaleyfi frá ráðuneyti fyrir kennslu á hönnunar- og markaðsbraut og félagsvísindabraut.

Veturinn 2011 – 2012 var markmiðið að ljúka við sem flestar áfangalýsingar svo hægt væri að hefja kennslu eftir nýrri námskrá haustið 2012. Verkefnastjóri fór með kennslustjórum og kennurum yfir áherslur nýrrar námskrár og kennslustjórar unnu með deildum sínum að áfangalýsingum. Ritnefnd var skipuð til að lesa yfir áfangalýsingar. Þegar ritnefnd hafði lokið sínu verki færði verkefnastjóri þær inn í sameiginlegan gagnagrunn mennta- og menningarmálaráðuneytis. Allir áfangar voru svo færðir inn á samskrá skólans þar sem bæði kennslustjórar og kennarar geta fylgst með. Í lok skólaárs voru nokkrir dagar nýttir í að undirbúa nýja áfanga. Einnig voru fengnir fyrirlesarar sem töluðu um nýjar áherslur í kennslu. Skólinn sótti um viðbótarstyrk og fékk 7 milljónir. Skólinn hefur allan tímann verið í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið um vinnuna.

Í ágúst 2012 var byrjað að kenna eftir nýrri námskrá en einungis fyrir nýnema, fædda 1996. Skipuð var nefnd til að vinna frekar að lýsingum á brautum. Ákveðið var að byrja á félagsvísindabraut sem var komin lengst. Var brautarlýsingin send til ráðuneytisins til umsagnar og var lýsingin samþykkt með lítilsháttar athugasemdum. Það sem eftir stendur er að semja almennan hluta námskrár en búið er að skipa nefnd stjórnenda og kennara til verksins. Eftir er að ljúka við brautarlýsingar, lagfæra áfangalýsingar í samræmi við athugasemdir kennslustjóra og ljúka við þær (28). Að sögn kennara er ekki búið að

skipuleggja þá vinnu. Þá er hafin vinna við að skipuleggja styttri brautir við skólann sem gætu verið útgönguleið fyrir nemendur sem ekki ljúka stúdentsprófi (4).

Skiptar skoðanir komu fram í rýnihópum kennara um hvort betra hefði verið að ljúka við almenna hluta námskrárinnar áður en áfangalýsingar voru unnar. Sumir sögðu vinnunna hafa gengið of hratt fyrir sig og ekki nægilega mikil samvinna milli námsgreina. Náms- og starfsráðgjafar sögðust hafa viljað koma meira að endurskoðuninni sjá kafla 6.3. Að sögn nemenda hafa þeir ekki verið með í endurskoðun nýrrar námskrár en umsjónarkennarar hafi upplýst þá um stöðu mála. M.a. sé stefnt að því að stytta daglegan skólatíma með gerð nýrrar stokkatöflu en flestir nemendur eru núna í skólanum frá 8 til 16.30 sem öllum finnst of langur skólatími.

### 3.1.1. Grunnþættir menntunar

Stjórnendur og kennarar segja að hugað hafi verið að grunnþáttum menntunar í áfangalýsingum og muni allir áfangar skólans og allt starf hans innihalda lykilhæfni og grunnþætti menntunar. Hins vegar eigi eftir að vinna almenna hluta námskrárinnar þar sem þættirnir komi einnig inn. Þáttunum sé sinnt í kennslunni en mismikið þó. Grunnþættirnir eru lýðræði og mannréttindi (sjá kafla 5.3), jafnrétti (sjá kafla. 2.3.2 og 6.4) skapandi starf, menntun til sjálfbærni (sjá kafla 2.3.5), læsi í víðasta skilningi (sjá kafla 5.2) og heilbrigði og velferð (sjá kafla 6.1).

## 3.2. Tengsl skólastiga

*Fyrsta hæfniprep framhaldsskólans skarast á við unglíngastig grunnskólans á þann hátt að lýsing á fyrsta hæfniprepi framhaldsskólans er jafnframt lýsing á þeirri hæfni sem stefnt er að við lok grunnskóla.<sup>4</sup>*

*Fjórða þrepið felur í sér nám sem ýmist fer fram innan eða á vegum framhaldsskóla eða háskóla. Námslok á fjórða þrepi einkennast ýmist af aukinni sérhæfingu og/eða útvíkkun sérhæfingar í tengslum við stjórnun, leiðsögn, þróun eða nýsköpun<sup>5</sup>.*

Ekki er fjallað sérstaklega um tengsl skólans við aðra skóla eða stofnanir í nærsamfélaginu í skólanámskrá en fjallað um þau í ársskýrslu. Deilimarkmið þar eru m.a. að halda góðu samstarfi við Garðaskóla, Sjúalandsskóla og Álftanesskóla með sveigjanleika og flæði milli skólastiga að leiðarljósi. Nám við skólann er kynnt í grunnskólum í Garðabæ og á Álftanesi og nemendur í grunnskóla eiga þess kost að ljúka áföngum við skólann.

4 Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011:48

5 Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011:49

Að sögn yfirstjórnar hefur verið rætt um aukið samstarf grunn- og framhaldsskóla innan bæjarins. 3. maí 2012 var bókað í bæjarstjórn Garðabæjar: „Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að teknar verði aftur upp viðræður við mennta- og menningarmálaráðuneytið um hvort og með hvaða hætti Garðabær geti tekið að sér rekstur Fjölbrautaskólans í Garðabæ.” Í kjölfarið var að beiðni Garðabæjar unnin greinargerð fyrrverandi skólustjóra grunnskóla og FG um ávinning þess að bærinn sjái um rekstur skólans.

Tillögur skýrsluhöfunda eru nokkrar. Sú fyrsta er að rekstrarfélag í eigu Garðabæjar verði stofnað um rekstur Fjölbrautaskólans í Garðabæ og stjórn félagsins verði skipuð af bæjarstjórn Garðabæjar. Einnig komi til greina að myndað verði hlutafélag um rekstur skólans með þátttöku ýmissa aðila, fyrirtækja, félaga og einstaklinga. Hlutafélagið verði í meirihlutaeign Garðabæjar. Þá komi og til greina að rekstur FG með sérstöku rekstrarfélagi verði tilraunaverkefni til ákveðins tíma (þriggja til fimm ára) og síðan verði árangur metinn eftir sérstöku samkomulagi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Helstu rök sem færð eru fyrir því að Garðabær taki að sér rekstur FG eru í skýrslunni sögð að bæjarstjórn geti með því haft aukin áhrif á stefnu skólans og þjónustu hans við samfélagið. Auknar líkur verði á meiri samfellu í kennslu og námi nemenda frá og með 6. – 7. bekk allt til loka framhaldsstigs. Gera megi ráð fyrir „betri og meiri skilvirkni þegar námsframboð er skipulagt með heildstæðum hætti frá fyrstu árum grunnskólastigs til loka framhaldsskólastigs.” Þannig verði nýting fjármuna betri. Samfélagið í Garðabæ komi til með að líta frekar á FG sem sinn skóla og vilji væntanlega efla hann. Þá mætti nýta húsnæði skólans enn frekar fyrir ýmsa viðburði í bæjarlífinu (29).

Í ályktun Kennarafélags Fjölbrautaskólans í Garðabæ í febrúar 2013 segir að félagið fagni áhuga bæjarstjórnar Garðabæjar á skólanum en það sé alfarið á móti núverandi tillögum um að bæjarfélagið yfirtaki rekstur hans. Rök félagsins eru að skólinn hafi vaxið og dafnað á undanförunum árum, hann laði að nemendur víðs vegar að af landinu og hafi markað sér sérstöðu í fjölbreyttu og skapandi skólastarfi sem kennarafélagið vilji standa vörð um. Kennarar fagni hugmyndum sem byggja á faglegri stefnumótun og stuðli að framþróun í skólastarfi með samvinnu allra en sparnaður og stytting megi aldrei verða leidarljós skólastarfsins á kostnað gæða og innihalds. Í lokin er lýst yfir áhuga á auknu samstarfi við bæjarfélagið „á breiðum grundvelli til að efla metnaðarfullt skólastarf í Garðabæ” (30). Svipað sjónarmið og það sem kemur fram í ályktuninni kom fram í mörgum rýnihópum í úttektinni.

Kennslustjórar skipuleggja samskipti við skóla innanlands og erlendis í samráði við stjórnendur skólans og skólaheimsóknir eru árlegir viðburðir. Skólinn hefur átt í samstarfi við aðra framhaldsskóla vegna innleiðingar nýrra laga og aðalnámskrár (4). Að sögn skólameistara hefur samstarf við háskóla helst verið við Listaháskóla Íslands. Kennarar þar

hafa fundað með kennurum og sviðsstjórum. Yfirstjórnendur hafa á hverju ári sótt sameiginlega fundi framhaldsskólastigsins og háskólanna.

### 3.3. Námsmat

*Almennt námsmat í framhaldsskóla er í höndum kennara, undir umsjón skólameistara. Matið byggist á markmiðum skólastarfs sem kveðið er á um í aðalnámskrá og skólanámskrá. Nemandi á rétt til að fá útskýringar á mati er liggur að baki lokaeinkunn í námsáfangi innan fimm virkra daga frá birtingu einkunnar.<sup>6</sup>*

Í Námsvísi (23) segir að:

*Tilgangur námsmats er að kanna að hve miklu leyti nemendur hafa tileinkað sér markmið aðalnámskrár (skólanámskrár) í viðkomandi grein. Námsmat getur farið fram með mismunandi hætti eftir ákvörðun skóla. Umfang þess skal þó að jafnaði vera í samræmi við umfang kennslu í viðkomandi grein. Kennarar bera ábyrgð á námsmati og þeir meta úrlausnir nemenda.*

Í Námsvísi kemur einnig fram að einkunnir í skólanum skulu gefnar í heilum tölum frá 1 til 10. Að sögn stjórnenda hefur skólinn ekki markað sér sérstaka stefnu um námsmat og gert sé ráð fyrir að námsmat samkvæmt nýrri námskrá verði svipað og áður að minnsta kosti þar til samið hefur verið um annað. Ekkert komi fram í lögum um framhaldsskóla sem segi að breyta eigi námsmati. Lokapróf í FG séu á bilinu 30 – 60 % og til er staðall um hvernig semja skuli próf og ganga frá þeim (31). Ekki standi sérstaklega til að taka upp símat en flestir kennarar séu komnir með námsmatið mikið inn á önnina.

Fram kom í rýnihópum kennara að listnámið hafi til dæmis skapað hefð fyrir námi þar sem lokapróf fer ekki fram og að starfsnámið hafi annað námsmat en hinar brautirnar. Það sé helst í raungreinum þar sem próf séu stór hluti námsmatsins. Jafnframt kom fram að mikil vinna væri við próflausa áfanga. Almenn sátt sé um námsmatið, kennsluáætlanir geri grein fyrir námsmati og kennarar skili skýrslum þar sem þeir færa rök fyrir námsmati sínu. Í endurskoðaðri skólanámskrá, í áfangalýsingum og kennsluáætlunum, sem eru aðgengilegar á heimasíðu, eru skilgreind hæfnimarkmið um þekkingu, leikni og hæfni sbr. nýja aðalnámskrá og gerð grein fyrir námsmati.

#### 3.3.1. Árangur og einkunnir

Fram kom hjá yfirstjórn að skólinn vildi auka kröfur til nemenda, sérstaklega í ákveðnum greinum en ekki hafa verið sett sérstök viðmið fyrir meðaleinkunn. Einkunnir hvers áfanga

---

<sup>6</sup> Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla 30.gr.

eru skoðaðar, bornar saman við fyrri annir og meðaltal. Skýrslur kennara eru skoðaðar til hliðsjónar (6).

### 3.4. Mat úttektaraðila

- Skólinn er kominn vel á veg með endurskoðun skólanámskrár. Skólinn hefur átt athyglisvert frumkvæði að endurskoðuninni út frá nýjum lögum og aðalnámskrá og ekki látið óleystan ágreining mennta- og menningarmálaráðuneytis og Kennarasambands Íslands um greiðslur hafa þar áhrif heldur sótt um þróunarstyrki sem nýttir hafa verið til að greiða starfsfólki fyrir vinnuna og til fræðslu um viðfangsefnið. Skólinn hóf kennslu skv. nýrri námskrá haustið 2012 fyrir nemendur fædda 1996 og var þar meðal fyrstu framhaldskóla sem það gerðu.
- Margir hafa komið að endurskoðuninni en að mati úttektaraðila þarf að virkja nemendur, náms- og starfsráðgjafa og skólanefnd (sbr. kafla 4.1.2.) betur í námskrárvinnunni, sbr. lög um framhaldsskóla og aðalnámskrá.
- Hugað hefur verið að grunnþáttum menntunar í áfangalýsingum. Hins vegar á eftir að vinna almenna hluta námskrárinnar þar sem þættirnir koma enn frekar inn.
- Samstarf fjölbrautaskólans við grunnskóla sveitarfélagsins virðist með ágætum. Í úttektinni komu fram í flestum rýnihópum miklar efasemdir um tillögur um að Garðabær tæki rekstur skólans yfir. Taka má undir það viðhorf sem fram kom í skólanefnd að frekara samtal þurfi að eiga sér stað á milli skólans og sveitarfélagsins um málið áður en ákvörðun verður tekin. E.t.v. þarf einnig að kanna með enn markvissari hætti kosti og galla slíks fyrirkomulag m.t.t. laga og reglugerða.
- Samstarf skólans við aðra framhaldsskóla hefur verið þó nokkuð en auka mætt samstarf við háskóla. Þetta samstarf verður æ mikilvægara með teknu tilliti til hæfniprepa í nýrri aðalnámskrá. Þá væri eftirsóknarvert fyrir skólann að kanna afdrif nemenda sinna í framhaldsnámi enn frekar.
- Námsmat skólans er fjölbreytt og ákvarða einstakir kennarar fyrirkomulag þess þar sem ekki er til stefna um námsmat. Almenn sátt virðist ríkja um námsmatið og í endurskoðaðri skólanámskrá er í áfangalýsingum og kennsluáætlunum skilgreind hæfnimarkmið um þekkingu, leikni og hæfni sbr. nýja aðalnámskrá og gerð grein fyrir námsmati. Mikilvægt er að í nýrri skólanámskrá verði unnið að stefnu skólans um námsmat.

## STJÓRNUN OG REKSTUR

---

Rekstur skólans er á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í yfirstjórn skólans eru skólameistari, aðstoðarskólameistari áfangastjóri og verkefnisstjóri. Skólameistari er yfirmaður allra starfsmanna skólans og er ábyrgur fyrir innra starfi hans.<sup>7</sup> Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara. Núverandi skólameistari hefur stjórnað skólanum frá því 2010 en starfað við skólann frá 1991. Aðstoðarskólameistari hefur starfað við skólann frá stofnun hans 1984, þar af átta ár við stjórnun. Áfangastjóri hefur starfað við skólann frá árinu 1987, en sem slíkur frá árinu 2010. Verkefnisstjóri hefur starfað frá árinu 2011. Núverandi stjórnendur hafa unnið lengi saman að stjórnun skólans. Auk þeirra starfa við stjórnun fjármálastjóri, skrifstofustjóri, húsvörður og sjö kennslustjórar, þ.e átta konur og tveir karlmenn. Í yfirstjórn skólans eru 50% karlar og 50% konur en í allri stjórnun skólans er hlutfall kynja í stjórnun 28.6% karlar og 71.4% konur. Yfirstjórn skólans fundar vikulega svo og skólameistari, aðstoðarskólameistari og tveir kennslustjórar.

Niðurstöður úr könnuninni *Stofnun ársins* 2011 og 2012 gefa innsýn inn í viðhorf starfsmanna til stjórnunar skólans en árið 2011 mældist þátturinn trúverðugleiki stjórnenda með meðaltal upp á 4,07 og árið 2012 4,09 sem er undir styrkleikabili >4,2 af 5,0, en á starfshæfu bili 3,7 til 4,2. Meðaltal allra stofnana var árið 2011 3,78 og árið 2012 3,83. Í rýnihópi starfsmanna og kennara kom fram að stjórnunin væri oftast lýðræðisleg og ekki of formleg, yfirstjórn ynni sem teymi, góður aðgangur væri að stjórnendum og hlustað væri á starfsmenn.

Það viðhorf kom fram í rýnihópi nemenda að stjórnun væri stundum einræðisleg og viðhorf ríkjandi um að nemendur hefðu ekki verið með í ráðum um heilsueflandi skóla. Sögðust nemendur vera mjög ósáttir við mötuneyti skólans. Yfirstjórn sagði að álit nemenda gæti komið fram í skólaráði og á Skólaþingi. Opnir skólafundir, sem eru tvisvar á ári, gæfu einnig tækifæri til að koma sjónarmiðum nemenda á framfæri ásamt kennslumati sem er tvisvar á ári.

Á heimasíðu skólans eru aðgengilegar ársskýrslur skólans frá árinu 2008 til ársins 2012 (32). Í ársskýrslu skólans frá 2012 er fjallað um hlutverk og markmið skólans, starfsemina á árinu, skólanámskrá og sjálfsmat (4). Þar kemur m.a. fram að FG sé stjórnað í anda þeirrar meginstefnu „að veita öllum starfsmönnum, í samræmi við hæfni þeirra og eðli starfsins, virka hlutdeild í stjórnun skólans og ákvörðunum.“

---

<sup>7</sup> Reglugerð um starfslið og skipulag framhaldsskóla nr. 1100/2007

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2013 nema fjárheimildir skólans rúmunum 535 milljónum. Fram kemur í ársskýrslu 2012 að á árinu var skólinn rekinn með halla upp á 5,6 milljónir.

## 4.1. Stjórnskipulag og skipurit

Skipurit skólans er aðgengilegt á heimasíðu hans og er þar greint frá ábyrgðaskiptingu myndrænt (33). Ítarlegri ábyrgðaskipting er tilgreind í starfslýsingum sem einnig eru á heimasíðu skólans (34). Í rýnihópum kom fram að ábyrgð stjórnenda og verkaskipting þeirra væri ekki alltaf skýr. Núverandi skólameistari hafi breytt verkaskiptingu milli stjórnenda þegar hann hóf störf 2010 sem gæti haft þar áhrif, þ.e. „að gamla skiptingin sé ekki alveg horfin.“ Verkferlar væri almennt skýrir svo og farvegur um agamál.

### 4.1.1. Skólaráð

Skólaráð er við skólann og var það fyrst skipað árið 1984. Ráðið skipa skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, tveir námsráðgjafar, félagsmálafulltrúi og forvarnarfulltrúi. Enn fremur eiga þar sæti tveir fulltrúar kennara sem hafa verið valdir af kennurum og tveir fulltrúar nemenda, forseti og fjármálastjóri nemendafélagsins (35). Árið 2012 gaf skólameistari fulltrúa foreldra leyfi til setu í ráðinu sem áheyrnarfulltrúa.

Hlutverk skólaráðs er að vera skólameistara til aðstoðar og ráðgjafar um stjórn skólans, fjalla um starfsáætlun skólans og framkvæmd hennar, fjalla um skólareglur, umgengnishætti í skólanum, vinnu- og félagsaðstöðu nemenda, veita umsögn um erindi frá skólanefnd, almennum kennarafundi, nemendaráði, einstaklingum, skólameistara og menntamálaráðuneytinu sé þess óskað og fjalla um mál sem varða einstaka nemendur og er farið með þau sem trúnaðarmál.<sup>8</sup>

Fundargerðir ráðsins eru aðgengilegar á heimasíðu skólans en skv. þeim þá hefur ráðið komið saman átta sinnum á skólaárinu 2012 - 2013. Á þeim fundum var m.a. rætt um skólasókn, reglur um skólasókn, félagsmál og fjármál NFFG, ýmis erindi s.s. umsóknir um leyfi o.fl (11). Hjá yfirstjórn kom fram að nemendur hafa verið virkir í skólaráði og í ráðinu hafi mest verið fjallað um málefni nemenda. Nemendur komu ekki að vinnu við endurskoðun á skólanámskrá, en haft var samband við fyrrum nemendur.

Á fundi með fulltrúum ráðsins kom fram að þeim finnist ráðið nauðsynlegt en fundir þess fari of oft í umfjöllun um mætingu nemenda. Breyting á áföngum hafi komið inn á borð hjá ráðinu en ekki til formlegrar umræðu og t.d. hafi „*Heilsueflandi skóli*“ ekki verið þar

<sup>8</sup> Reglugerð um skólaráð við framhaldsskóla nr. 140/1997: 2.gr.



ræddur. Það viðhorf kom fram að fulltrúar ráðsins hafi ekki kynnt sér hlutverk ráðsins nægilega vel. Þá hefði aðeins lítill hluti þeirra sem sitja í ráðinu kosningarétt og því sé reynt að finna samkomulagsflöt á sem flestum málum. Fram kom að upplifum fulltrúa væri þannig að „ef mál fer í kosningu þá er það dautt.“

#### 4.1.2. Skólanefnd

Skólanefnd er við skólann og er skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra til fjögurra ára í senn. Nefndina skipa fimm fulltrúar. Þrjár fulltrúar sem búsettir eru í sveitarfélaginu og valdir án tilnefningar. Tveir fulltrúar eru tilnefndir af sveitarstjórn. Varamenn skólanefndar eru valdir með sama hætti. Einnig sitja tveir fulltrúar í nefndinni sem áheyrnarfulltrúar til eins árs í senn, fulltrúi kennara tilnefndur af kennurum og fulltrúi nemenda tilnefndur af nemendafélagi skólans. Nefndin velur sér formann til eins árs í senn og stýrir skólameistari kjöri hans á fyrsta fundi hvers árs.<sup>9</sup> Núverandi skólanefnd var skipuð í janúar 2013.

Hlutverk skólanefndar er að „marka áherslur í starfi skólans og stuðla að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og menningarlíf, vera skólameistara til samráðs um námsframboð skóla, staðfesta skólanámskrá að fenginni umsögn almenns skólafundar og fylgjast með framkvæmd hennar, veita skólameistara umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgjast með framkvæmd hennar, vera skólameistara til samráðs um fjárhæð þeirra gjalda sem skólameistari ákveður skv. 45. gr., vera skólameistara til samráðs um samninga sem viðkomandi skóli gerir, vera skólameistara til samráðs um starfsmannamál, veita ráðherra umsögn um umsækjendur um stöðu skólameistara.”<sup>10</sup> Fundargerðir skólanefndar eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Skv. þeim hefur m.a. verið fjallað um fjármál, breytingar á starfsmannamálum, framkvæmdaáætlun, aðsókn nemenda, tölvumál skólans, forvarnarmál o.fl (11).

Á fundi með yfirstjórn kom fram að skólanefndin sé meira í eftirlitshlutverki en í stefnumótun. Eina formlega hlutverk hennar sé að vera ráðgefandi en hún geti haft áhrif t.d. þegar komi að samstarfi við Garðabæ. Formenn skólanefndar hafi í gegnum árin verið virkir, verið stuðningur við skólameistara og verið áhugasamir að vinna að hag skólans.

Á fundi með fulltrúum skólanefndar (formanni, stjórnarmanni, áheyrnarfulltrúa nemenda, áheyrnarfulltrúa foreldra) kom fram að nefndin hefði hvorki komið að stefnumótun skólans né nýrri skólanámskrá en aðeins tveir fundir hefðu verið haldnir. Í hópnum kom fram það viðhorf að skólinn geri of lítið af því að hampa sjálfum sér því hann sé faglega mjög góður og nútímalegur. Einnig væri fagmennska kennara mjög mikil og

<sup>9</sup> Reglugerð um skólanefndir framhaldsskóla nr. 132/1997

<sup>10</sup> Lög nr. 90/2008 um framhaldsskóla

mannlega hliðin sterk. Frumkvöðlafræði sé t.d. kennd við skólann og þaðan hafi komið margar hugmyndir sem náð hafi augum almennings.

Einnig kom skýrt fram það viðhorf nefndarmanna að vonast væri til þess að Garðabær tæki skólann ekki yfir að svo stöddu. Bæjarfélagið hefði ekki átt nægjanlegt samtal við skólann og bíða ætti með yfirtöku og ná frekari samvinnu.

## 4.2. Ákvarðanataka

Starfsmenn, nemendur og foreldrar hafa formlega aðkomu að stjórnun skólans í gegnum skólanefnd og skólaráð. Fram kom í rýnihópum þeirra að almennt væri góður aðgangur að stjórnendum. Yfirleitt væri tekið vel í tillögur og ábendingar en misjafnt væri hve skilvirk ákvarðanatakan væri.

## 4.3. Nemendafélag

Við skólann er starfrækt nemendafélag. Nemendafélag framhaldsskóla skal m.a. vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda.<sup>11</sup> Fulltrúar félagsins eru valdir með kosningu en stjórn þess skipa forseti, fjármálastjóri, markaðsstjóri, skemmtanastjóri og formaður málfundafélags (36). Starf félagsins felur m.a. í sér að skipuleggja félagsstarf nemenda (sjá nánar í kafla 6.3) Að sögn stjórnenda og nemenda er virkni nemendafélagsins breytileg eftir árum en félagið sé nú nokkuð virkt, töluvert margir hafi verið í framboði sem beri merki um áhuga á starfinu. Þá sé nokkuð jöfn kynjaskipting í ráðinu. Skólinn og nemendafélagið gefa sameiginlega út fréttablað með helstu upplýsingum um starfsemi skólans. Skólaráð hefur eftirlit með útgáfumálum nemenda (4).

## 4.4. Mat úttektaraðila

- Skólanefnd heldur reglulega fundi, er m.a. samráðsaðili skólameistara og fylgist með starfi skólans og hefur aðkomu að ýmsum málum. Að mati úttektaraðila ætti nefndin að koma enn frekar að stefnumótun hans sbr. lög um framhaldsskóla.
- Skólaráð fundar reglulega og kemur að ýmsum málum nemenda en mætti fjalla meira um starfsáætlun skólans sbr. reglugerð og stærri ákvarðanir sem skólinn tekur s.s. *Heilsueflandi skóli*. Fundargerðir ráðsins eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.
- Skipurit skólans og starfslýsingar og ábyrgðarskipting stjórnenda liggja fyrir. Fram kom hjá stjórnendum og kennurum að skipuritið hentaði vel stærð skólans og verkefnum hans.

---

<sup>11</sup> Lög nr. 92/2008, 39. gr.

- Í yfirstjórn skólans eru 50% karlar og 50% konur en í allri stjórnun skólans er hlutfall kynja 28.6% karlar og 71.4% konur sem endurspeglar nokkuð vel hlutfall karla og kvenna við skólann. Hvetja ætti fleiri karla til starfa í skólanum með vísan í lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla en í grein 18 segir: „Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.”
- Fram kemur að starfsmenn vita almennt vel til hvers er ætlast af þeim í starfi.
- Ánægja starfsmanna með stjórnun skólans er í flestum þáttum á svonefndu styrkleikabili  $\geq 4,2$  og umtalsvert hærri en í öðrum stofnunum í könnuninni *Stofnun ársins*. Til að rýna betur í stjórnun gæti skólinn kannað enn frekar hug aðila skólasamfélagsins.
- Í öllum rýnihópum kom fram að góður aðgangur væri að stjórnendum en að ábyrgð þeirra og verkaskipting þeirra væri ekki alltaf skýr. Nemendur sögðu sig þó ekki hafða nægilega mikið í ráðum um ákvarðanir t.d. *Heilsueflandi skóla*. Kynna mætti ábyrgðaskiptingu stjórnenda betur sem gerði stjórnun skilvirkari. Verkferlar virðast almennt skýrir.
- Nemendafélag skólans heldur úti fjölbreyttri starfsemi. Stjórn þess er kosin til eins árs í senn og fulltrúar þess eru virkir í skólaráði og skólanefnd.
- Á árinu 2012 var skólinn rekinn með 5,6 milljón króna tapi.

## 5. NÁM OG KENNSLA

### 5.1. Fjölbreytni

*Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluáðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni.<sup>12</sup>*

Námsframboð skólans er bæði skv. nýrri skólanámskrá, í samræmi við lög frá 2008 og aðalnámskrá 2011, svo og eldri námskrá. Allir nýnemar hófu nám samkvæmt nýju námsframboði haustið 2012. Gert er ráð fyrir að eldri námskráin verði að mestu úrelt 2016. Fjöldi áfanga sem í boði voru haustið 2012 var 314 þar af 78 í fjarnámi. Vorið 2013 eru í boði 292 áfangar þar af 72 í fjarnámi. Í skólanum er dagskóli, kvöldskóli og fjarnám. Í fjarnámi er hægt að stunda nám í einstökum áföngum eftir þörfum og áhuga hvers og eins. Námsefni, yfirferð, kennsla og kröfur í fjarkennslu eru samræmd almennum deildum skólans. Fjarnemendur nota sömu kennslugögn og aðrir nemendur (37).

Í stefnu Fjölbrautarskólans í Garðabæ er vikið að ýmsum þáttum er varða nám og kennslu m.a. um fjölbreytni, þekkingarleit, sjálfstæð vinnubrögð, víðsýni og fjölbreytni, gagnrýna hugsun, ábyrgð, umburðarlyndi og að njóta menningar. Sjá nánar í kafla 2.3. Fram kom í máli allra rýnihópa og stjórnenda að fjölbreytni við skólann er mikil, bæði í námsframboði og nemendum. Þykir þetta mikill kostur við skólann og gefur honum sérstöðu meðal framhaldsskóla.

### 5.2. Kennsluhættir

Kennslustjórar fara yfir allar kennsluáætlanir í upphafi annar og skila skýrslu í lok skólaárs um kennsluna (4). Kennarar skrifa skýrslur til kennslustjóra um hvernig til hefur tekist, þeir bera saman árangur, námsefni og kennsluhætti. Í lok vorannar skrifa kennslustjórar lokaskýrslu skólaársins til aðstoðarskólameistara. Þessar skýrslur endurspeglu þungamiðju alls skólastarfsins, kennsluna sjálfa (6). Kennslukannanir/viðhorfskannanir hafa verið lagðar fyrir nemendur reglulega frá árinu 1999. Tafla 9 sýnir samanburð viðhorfskannana frá vorönn 2006 til og með vorönn 2012 á skalanum 1-5 (6).

**Tafla 9. Samanburður viðhorfskannana frá vorönn 2006 til og með vorönn 2012 á skalanum 1-5.**

Ár	V'06	H'06	V'07	H'07	V'08	H'08	V'09	H'09	V'10	H'10	V'11	H'11	V'12
Dag-skóli	4,03	4,05	4,01	4,10	4,04	4,15	4,20	4,05	4,13	4,17	4,13	4,12	4,13
Fjar-nám	4,38	4,15	4,09	4,09	4,03	4,13	4,23	4,26	4,27	4,08	4,13	4,20	4,36

<sup>12</sup> Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011:29

Skólameistari segir að sérhver nemandi geri námsáætlun á hverri önn þannig að hann hafi yfirsýn yfir hvað hann vill gera. Skólinn er með hæg – og hraðferðir sem nemendur geta valið fremur en um sé að ræða einstaklingmiðað nám í hverjum áfanga. Einstaklingáætlanir eru gerðar á starfsbraut. Engin stefna er fyrir heimavinnu og sögðu nemendur, sem rætt var við, hana fara eftir kennurum hverju sinni. Að sögn kennara eru námshópar of stórir en skólameistari segir hópa ekki hafa stækkað undanfarin ár.

Kennarar, sem rætt var við, sögðu mikla fjölbreytni í kennsluháttum. Þeir nefndu hópinnu, prófuð hafi verið spegluð skólastofa (Flipped classroom), þ.e. kennt er á netinu, en úrlausnir unnar í tímum, leikþættir o.fl. Að þeirra sögn eru fyrirlestrar mikið á útleið. Í sumum greinum, t.d. stærðfræði, væri þó hefðbundnari kennsla. Í rýnihópi nemenda kom fram það viðhorf að sumir kennarar notist við „gamla kennsluhætti“ glærur og fyrirlestra. Þá gera kennslustjórar áætlanir um gestafyrirlesara í kennslutímum, t.d. úr hópi foreldra nemenda skólans og fyrrverandi nemenda FG (23).

Skólinn hefur nýtt sér upplýsingatækni í auknum mæli og hefur nýlega endurnýjað tölvuver sitt en sumar tölvur eru nokkuð komnar til ára sinna. Nemendur skólans eru almennt ekki með fartölvur. Að sögn yfirstjórnar hefur verið skoðað að kaupa spjaldtölvur til notkunar í kennslu en það sé of kostnaðarsamt. Kvartað var yfir að ekki væri netsamband í öllum stofum og að erfitt væri að sporna við notkun snjallsíma í tímum.

### 5.2.1. Jafnréttiskennsla

Í rýnihópum yfirstjórnar, námsráðgjafa og kennara kom fram að allir nemendur taka einn félagsfræðiáfanga til stúdentsprófs þar sem tvær vikur eru notaðar í fræðslu um jafnrétti og kynjafræði. Einnig kom þar fram að skólinn er með fundi þar sem nemendum er kynskipt og tekin eru fyrir ýmis málefni sem varða kynin, t.d. kynfræðsla og virðing/virðingarleysi pílta gagnvart konum. Þó hefur á vegum forvarnarteymis verið fjallað um nauðgunarlyf.

### 5.3. Lýðræði

*Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans...Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði.<sup>13</sup>*

Nemendur geta sagt skoðun sína á kennslu hvers áfanga í könnun sem lögð er fyrir í lok hverrar annar. Lýðræðisleg aðkoma nemenda að skólastarfinu er formleg í gegnum setu þeirra í skólanefnd og skólaráði. Á hverri önn eru haldnir opnir fundir með nemendum þar

---

13 Aðalnámsskrá framhaldsskóla 2011:14

sem nemendur geta spurt yfirstjórnendur og forystumenn nemendafélagsins spurninga. Í allri umræðu við starfsmenn og nemendur kom fram að þeir töldu lýðræði vera virkt við skólann. Nemendur sögðu það mætti vera meira og sögðust lítið vera inni í breytingum vegna nýrrar námskrár.

## 5.4. Þróunarverkefni

Samkvæmt skólameistara (3) hefur skólinn tekið þátt í eftirfarandi þróunarverkefnum:

- *Tveir kennarar skólans fengu styrk frá Sprotasjóði til að þróa Hönnunar- og markaðsbraut við Fjölbrautaskólann í Garðabæ. Styrkurinn var veittur árið 2010 en verkefnið hófst árið 2009. Styrkupp hæðin var 1.700.000 krónur og skal lokagreiðsla berast eftir að lokaskýrslu er skilað. Áfangaskýrslu hefur þegar verið skilað.*
- *Sömu kennarar fengu framhaldsstyrk til að vinna að sama verkefni að upphæð 1.000.000 krónur. Skal skila áfangaskýrslu 15. desember og hefur henni þegar verið skilað. Lokaskýrslu skal skilað fyrir 15. desember 2011 og hefur henni verið skilað.*
- *Skólinn fékk styrk frá verkefnasjóði skólasamninga. Heiti verkefnisins er Þróun nýrrar námsbrautar til framhaldsskólaprófs (90-120 fein). Verkefnið stóð yfir skólaárið 2010 - 2011 og hefur lokaskýrslu verið skilað.*
- *Sótt var um styrk til að klára námsbrautalýsingar og hefja tilraunakennslu haustið 2011. Skólinn fékk vilyrði fyrir 10 milljóna styrk og gefinn kostur á að sækja um viðbótarstyrk fyrir árið 2012. Skilað var skýrslu í desember 2011 og styrkurinn greiddur í sama mánuði.*
- *Sótt var um framhaldsstyrk til að þróa námsbrautir og hefja kennslu á nýjum brautum haustið 2012. Veittur var 7 milljóna króna styrkur og fjórar milljónir greiddar út. Skýrslu verður skilað á vorönn 2013 og væntum við þá lokagreiðslu.*

Þróunarverkefni lúta mjög að breytingum á námskrá. Þau hefur, að sögn þeirra sem rætt var við í úttektinni, gengið prýðilega að innleiða í vinnu við nýja skólanámskrá. Hönnunar og markaðsbraut útskrifaði t.d. fimm nemendur á haustönn 2012.

## 5.5. Mat úttektaraðila

- Námsframboð er bæði eftir nýrri námskrá og eldri námskrá og er afar fjölbreytt og virðist koma til móts við þarfir breiðs nemendahóps með dagskóla, fjarnámi og kvöldskóla.
- Í skólanum eru notaðar fjölbreyttar kennsluáðferðir og aukin áhersla á verkefnaþætti nám og símat. Ekki hefur verið endurskoðuð stefna um kennsluhætti út frá almennum hluta aðalnámskrár sem verður lokið á þessu ári og mikilvægt að viðhalda þar faglegu sjálfstæði kennara. Því má beina því til skólans að nemendur hafi meira um fyrirkomulag kennslu að segja en eingöngu að segja skoðun sína í könnunum, sbr. aðalnámskrá framhaldsskóla, grunnþætti menntunar.
- Samræmdar kennsluáætlanir eru til fyrir alla áfanga og aðgengilegar á vef skólans. Í kennsluáætlunum áfanga, sem hafa verið endurskoðaðir skv. nýrri aðalnámskrá eru skýr markmið um árangur, þ.e. þekkingu, leikni og hæfni. Einstaklingsbundnar áætlanir eru almennt til fyrir nemendur með sérþarfir.
- Gott eftirlit er með því hvort kennsla er í samræmi við kennsluáætlanir. Kennslustjórar fara yfir allar kennsluáætlanir í upphafi annar, kennarar skrifa skýrslur til kennslustjóra um hvernig til hefur tekist og bera saman árangur, námsefni og kennsluhætti og kennslukannanir/viðhorfskannanir hafa verið lagðar fyrir nemendur reglulega frá árinu 1999. Skv. þeim virðast nemendur almennt ánægðir með kennsluna þar sem svörin eru alltaf yfir 4,0 af 5, þ.e. rétt undir svonefndu styrkleikabili <4,2.
- Skólinn hefur ekki sérstaka stefnu um heimanám en fyrirkomulag þess fer eftir einstökum kennurum.
- Skólinn nýtir upplýsingatækni í starfi sínu en nemendur telja að auka mætti þátt upplýsingatækni enn meira. Tekið er undir það sjónarmið enda læsi á upplýsingar og það að geta nýtt sér margvíslega tækni í þekkingarleit grunnþættir og lykilhæfni í aðalnámskrá (38).
- Skólinn hefur síðustu ár sótt um þróunarstyrk til verkefni sem flest hafa lotið að breytingum á námskrá sem hefur miðað vel.
- Að sögn kennara eru námshópar of stórir en skólameistari segir hópa ekki hafa stækkað undanfarin ár.

## 6. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI

---

Skólinn hefur ekki sett fram sérstaka stefnu um starfsanda og skólabrag en þó er sérstök umfjöllun um stefnu skólans í samskiptum og boðmiðlun starfsmanna að finna í starfsmannastefnu hans (5). Þar segir:

*Fjölbrautaskólinn í Garðabæ vill stuðla að góðum starfsanda þar sem ríkir traust, trúnaður, jafnræði og hreinskilni í samskiptum milli starfsmanna. Starfsmenn skulu temja sér kurteisi og háttvísi í framkomu og auðsýna hver öðrum virðingu, umburðarlyndi og jákvætt viðmót.*

Eins og áður er komið fram stendur nú yfir endurskoðun á öllum stefnum skólans, sjá kafla 2 og 3. Að sögn starfsmanna og stjórnenda er starfsandinn þannig að fólk kemur glatt til starfa og í skólanum sé samhygð og starfsgleði. Að sögn nemenda í rýnihópi er góður andi í skólanum og að fjölbreyttari nemendahópur en áður hafi þar góð áhrif.

Briddsklúbbur, þrjónaklúbbur og lesklúbbur eru starfandi meðal starfsmanna og skólinn leggur fé í árshátíð kennara og félagsstarfsemi svo sem vorferð og jólaskemmtun. Skólameistari segist leggja áherslu á að stjórnendur séu alltaf með og séu sýnilegir. Hann kemur á kennarastofu í frímínútum til að vera aðgengilegur. Þar sé skipst á skoðunum og viðhöfð séu opin samskipti og opnar skrifstofur. Nemendur geti komið og spjallað. Jafnvel þótt boðleiðir séu skýrar þá sé algengara að nemendur fari til náms- og starfsráðgjafa. Þegar eitthvað komi upp sé kennari alltaf látinn vita.

### 6.1. Líðan nemenda

Í könnuninni *Betri líðan* (39) sem gerð var árið 2011 meðal 16 – 17 ára framhaldsskólanemenda kom fram að 85.2% þátttakenda í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ<sup>14</sup> töldu að það eigi mjög eða nokkuð vel við sig að þau séu hamingjusöm. Sömuleiðis töldu 85.2% það eiga vel við sig að þau séu ánægð með lífið en 71% töldu það eiga vel við sig að vera sterk og hraust. Í niðurstöðum kom fram að lítill sem enginn kynjamunur var á mati nemenda. Yfirlit yfir helstu þætti sem tengdir eru líðan nemanda má sjá í töflu 10. Þar kemur fram munur á afstöðu kynja til námsins. 31% stráka leiðist námið en 9.1% stelpna og 18% stráka finnst námið of létt en 4.5% stelpna. Hins vegar finnst 10.8 % stráka námið of þungt en 19.1% stelpna.

---

<sup>14</sup> Um er að ræða árganga 1993-1994 sem á þessum tíma voru 16-17 ára



Tafla 10. Niðurstöður rannsóknar Rannsóknar og greiningar á líðan 16-17 ára nemenda við Fjölbraut í Garðabæ 2011.

Dáttur	Strákar	Stelpur
Tilhneiging til þunglyndis		
Niðurdregin eða döpur	6.1%	8.1%
Framtíðin vonlaus	5.1%	9.9%
Tilhneiging til sjálfsskaða		
Hugleitt að skaða sjálfa(n) sig:		
1-2 sinnum	13.3%	18.0%
3 sinnum og oftar	14.3%	23.4%
Skaðað sjálfa(n) sig:		
1-2 sinnum	6.3%	4.5%
3 sinnum og oftar	3.1%	10.8%
Víðhorf og vandi í námi		
Námið tilgangslaust	9.7%	1.8%
Legg ekki nægilega rækt við námið	20.4%	32.7%
Leiðist námið	31.1%	9.1%
Líður illa í skólanum	7.8%	5.5%
Námið of létt	18.0%	4.5%
Námið of þungt	10.8%	19.1%

Fram kom í fleiri en einum rýnihópi að líklegt sé að nemendur komi með vanlíðan með sér inn í skólann þegar þeir hefja nám. Í rýnihópi kennara og nemenda kom fram að almennt væri vitað hvert leita skuli með mál er tengjast líðan komi þau upp. En einnig kom fram það víðhorf hjá námsráðgjöfum að æskilegt væri að betri aðgangur væri að sálfræði- og geðlæknisþjónustu fyrir nemendur skólans og námsráðsgjafa.

## 6.2. Einelti og agamál

Skólinn hefur sett sér stefnu og viðbragðsáætlun í eineltismálum (13), sjá nánar kafla 2.3.1. Einnig eru skólareglur aðgengilegar á heimasíðu skólans (40). Skólinn hefur ekki lagt fyrir almenna könnun í tengslum við líðan nemenda né starfsmanna vegna eineltis (41). Þó má finna vísbendingu um umfang eineltis í yfirgripsmikilli könnun Rannsóknar og greiningar á næringu, líðan og einelti 16-17 ára barna.<sup>15</sup> (39). Yfirlit yfir eineltistengda þætti í Fjölbrautskólanum í Garðabæ má sjá í töflu 11.

Í rýnihópum stjórnenda, kennara og starfsmanna kom fram að þau verði ekki vör við einelti. Það sjónarmið kom fram að sé nemandi mikið einn gæti þar verið einelti á ferðinni.

<sup>15</sup> Um er að ræða árganga 1993-1994 sem á þessum tíma voru 16-17 ára

Tafla 11. Yfirlit yfir hlutfall 16-17 ára nemenda í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ og upplifun þeirra af einelti árið 2011.

Dáttur	Strákar	Stelpur
Hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi sl. 12 mánuði		
1 sinni	3.5%	7.1%
2-5 sinnum	3.5%	1.8%
6 sinnum og oftár	3.5%	1.8%
Hafa beitt aðra líkamlegu ofbeldi sl. 12 mánuðum		
1 sinni	4.7%	4.5%
2-5 sinnum	5.8%	0.9%
6 sinnum og oftár	3.5%	1.8%
Hafa verið með hópi að stríða einstaklingi sl.12 mánuði.		
1 sinni	5.7%	4.5%
2-5 sinnum	3.4%	0.0%
6 sinnum og oftár	10.3%	3.6%
Hafa verið með hópi að meiða einstakling sl.12 mánuði.		
1 sinni	3.4%	0.9%
2-5 sinnum	0.0%	1.8%
6 sinnum og oftár	2.2%	0.9%
Hafa verið með hópi sem átti upptökin að því að ráðast á annan hóp sl.12 mánuði.		
1 sinni	2.2%	0.9%
2-5 sinnum	3.4%	0.9%
6 sinnum og oftár	2.2%	0.9%
Hafa verið strítt af hópi þegar þau voru ein, sl.12 mánuði.		
1 sinni	1.1%	6.4%
2-5 sinnum	3.4%	0.9%
6 sinnum og oftár	3.4%	0.0%
Segja hóp hafa ráðist á sig þegar þau voru ein og meitt sig, sl.12 mánuði.		
1 sinni	2.3%	2.7%
2-5 sinnum	1.1%	0.0%
6 sinnum og oftár	1.1%	0.0%
Segja hóp hafa ráðist á hóp sem hún/hann var með, sl.12 mánuði.		
1 sinni	2.2%	0.9%
2-5 sinnum	4.5%	0.9%
6 sinnum og oftár	2.2%	0.0%

### 6.3. Félags- og tómstundastarf

Skólinn stendur fyrir félags- og tómstundastarfi (42). Nemendafélag skólans stendur einnig fyrir Þórsmerkurferð, busavígslu, dansleikjahaldi, árshátíð og söngkeppni ásamt ýmsu öðru. Leikfélagið Verðandi hefur sett upp söngleiki á hverju ári og er almenningi gefinn kostur á að sjá þá. Þegar úttekt fór fram var verið að setja upp söngleikinn „Fjögur brúðkaup og jarðarför“ þar sem fjöldi nemenda tók þátt.

### 6.4. Jafnrétti meðal nemenda

Skólinn hefur sett sér jafnréttisstefnu og framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum (14), sjá nánar kafla 2.3.2. Val nemenda á námi virðist nokkuð kynbundið. Konur eru í meirihluta

m.a. á listabraut. Karlar eru í meirhluta m.a á íþróttabraut (sjá töflu 12) (4). Skólinn hefur ekki sérstök markmið til að hafa áhrif á val nemenda.

Tafla 12. Kynjaskipting nemenda eftir námsbrautum (4)

Braut	Vorönn 2012			Haustönn 2012		
	KK	KVK	samtals	KK	KVK	samtals
10. bekkur	14	16	30	6	9	15
AN1	8	4	12	6	3	9
AN4	28	12	40	41	17	58
FÉ	55	85	140	52	95	147
HM	3	16	19	4	20	24
ÍP	31	15	46	43	17	60
LL	1	22	23		26	26
LN	44	111	155	37	122	159
MB	7	22	29	8	21	29
NÁ	89	61	150	100	64	164
ST2	9	2	11	10	1	11
VH	31	28	59	37	34	71
VSS	1		1	1	4	5
ÓTN	33	55	88	60	68	128
Samtals	354	449	803	405	501	906

## 6.5. Náms- og starfsráðgjöf

Við skólann starfar tveir náms- og starfsráðgjafar í 175% starfshlutfalli með fullgild réttindi til starfsins. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa skólans er að veita stuðþjónustu til þess að meginmarkmið skólans náist (23).

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafar skólans eru:

- Áhugakannanir
- Nám erlendis
- Námstækni
- Námserfiðleikar
- Persónulega vandamál
- Upplýsingar um framhaldsnám
- Skólakynningar

Stór hluti starfs náms- og starfsráðgjafanna fer í að ræða við nemendur um námsframvindu. Áberandi er að þeirra mati „að nemendur virðast hafa meiri áhyggjur af í hvaða prósentu þeir standa varðandi mætingu en af því hvernig staðan er í náminu. Í slíkum viðtölum er mikil áhersla á að benda nemendum á að fylgjast með náminu á námsnetinu svo sem heimavinnu, verkefnaskilum og prófum“ (43).

Mörg mál er varða persónuleg vandamál nemenda eru unnin í samvinnu við skólalækni og aðra sérfræðinga. Á vorönn 2012 var 151 nemandi á skrá sem hafði lagt fram

greiningu um námsörðugleika, þar af 100 með dyslexiu. Í upphafi hverrar annar fær sérhver kennari lista yfir nemendur með greiningar sem hann kennir. Nemendur með greinda námsörðugleika fá sérúrræði í prófum og skólinn er með talgervil sem nýtist vel. Í lokaprófum vorið 2012 fengu 93 nemendur sérúrræði í prófum. Skólinn notar áhugasviðskönnunina Bendil. Nemendur hafa verið duglegir að nýta sér hana (43).

Náms- og starfsráðgjafar halda skólakynningar á höfuðborgarsvæðinu fyrir nemendur og forráðamenn þeirra í grunnskólum í ákveðnum hverfum eða sveitarfélögum (43).

Samráðsfundir með skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, verkefnisstjóra, námsráðgjöfum og tveimur fulltrúum kennslustjóra eru haldnir vikulega sem er að sögn ráðgjafanna afar gagnlegt. Þeir sögðu slæmt að hafa ekki verið formlega með í gerð nýrrar skólanámskrár. Að þeirra mati hefði hvert fag verið of mikið útaf fyrir sig, samráð hefði mátt vera meira og að yfirsýn, sem náms- og starfsráðgjafar gætu miðlað, vantaði.

## 6.6. Forvarnar- og áfallaráð

Við skólann er starfrækt forvarnarteymi (17). Hlutverk teymisins er að skipuleggja forvarnarstarf skólans. Forvarnarteymi skipa forvarnarfulltrúi, tveir námsráðgjafar, félagsmálafulltrúi og áfangastjóri. Í ráðinu eru rædd ýmis mál, s.s. *Heilsuefandi framhaldsskóli*, vímuefni, busavígslur, dansleikir og líðan nemenda og ráðið hefur komið að fræðslu til nemenda (43).

Til er áætlun vegna áfalla innan skólans (44) og einnig eru í öllum stofum spjöld sem sýna viðbrögð við óvæntum áföllum. Áfallaáætlunin er ekki á heimasíðu skólans. Áfallateymi hefur ekki komið saman nýlega að sögn stjórnenda. Ekki hafi komið upp erfið áföll í skólanum og því ekki reynt á að áætlunin sé notuð. Í tengslum við erfiða atburði sem upp hafa komið hefur m.a. verið leitað til annarra ráðgjafa t.d. presta.

## 6.7. Mat úttektaraðila

- Skólinn hefur ekki sett sér sérstaka stefnu um starfsanda og skólabrag en almennt er fjallað er um þessa þætti í starfsmannastefnu. Almennt kom fram í úttektinni að starfsandi og líðan nemenda og starfsmanna sé góð. Þetta staðfestist í könnunum sem gerðar hafa verið en kanna þarf betur líðan nemenda eldri en 17 ára.
- Tekið á agamálum með kerfisbundnum hætti skv. ákveðnu verklagi.

- Skólinn hefur stefnu og viðbragðsáætlun í eineltismálum. Í rýnihópum stjórnenda, kennara og starfsmanna kom fram að þau verði ekki vör við einelti. Ekki hefur verið gerð könnun á einelti á meðal nemenda og starfsmanna á vegum skólans en hvatt er til að það verði gert svo rýna megi betur í þessa þætti.
- Skólinn hefur sett sér jafnréttisstefnu og framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Val nemenda á námi virðist nokkuð kynbundið. Skólinn hefur ekki sérstök markmið til að hafa áhrif á val nemenda en telja má að aðgerðir í þá veru séu æskilegar m.t.t. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna, 23. gr.
- Á fundi með nemendum kom fram að þeir vildu gjarnan hafa meiri lýðræðislega aðkomu að ýmsum málum í skólanum. Til þess að styrkja skólabrag enn frekar er mikilvægt að aðkoma nemenda verði enn meiri að ýmsum málum sbr. lög um framhaldsskóla og grunnþætti menntunar sbr. aðalnámskrá.
- Náms- og starfsráðgjöf við Fjölbrautaskólann í Garðabæ er vel sinnt. Úttektaraðilar telja að náms- og starfsráðgjafar hafi í mörg horn að líta en hafi þarfir einstaklingsins í huga í starfi sínu sem er skv. stefnu skólans. Mjög jákvætt er að haldnir eru vikulegir samráðsfundir ráðgjafa með skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, verkefnisstjóra og fulltrúum kennslustjóra.
- Forvarnarráð hefur skilað hlutverki sínu vel og staðið fyrir fræðslu til nemenda. Tekist hefur að draga úr notkun munntóbaks.
- Til er áfallaáætlun sem þarf að vera aðgengileg á heimasíðu. Úttektaraðilar sáu mjög víða í skólanum spjöld sem sýna viðbrögð við óvæntum áföllum og er slíkt til fyrirmyndar. Áfallateymi hefur ekki komið saman nýlega þar sem ekki hafa komið upp erfið áföll í skólanum og því ekki reynt á að áætlunin sé notuð.

## 7. INNRA MAT

---

*Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. laga nr. 92/2008 með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur<sup>16</sup>.*

Samkvæmt lögum nr. 98/2008 um framhaldsskóla er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum eftirfarandi:

- a) veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,*
- b) tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,*
- c) auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,*
- d) tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum<sup>19</sup>*

### 7.1. Fyrirkomulag og framkvæmd

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ hefur framkvæmt kerfisbundið mat á skólastarfinu síðan árið 1996. Aðstoðarskólameistari sér um skipulag og framkvæmd matsins. Markmið þess er að bjóða nemendum upp á bestu þjónustu sem völ er á og fyrsta flokks nám óháð getu hvers og eins. Í matinu eru sett fram deilimarkmið og gerð framkvæmdaáætlun. Metin er kennsla, líðan nemenda, stjórnunarhættir í skólanum og hugmyndafræði hans, aðbúnaður nemenda og starfsmanna, álit nemenda og kennara á námsáföngum sem kenndir eru, árangur skólastarfsins svo og traust og ánægja hagsmunaaðila. Matið felur m.a. í sér könnun meðal nemenda, starfsmannasamtöl, endurmenntun, kennsluáætlanir, próf og prófagerð, öryggi á vinnustað o.fl. (6).

Áætlun um framkvæmd innra mats er gerð fyrir hvert skólaár. Þar eru tilgreindir helstu matsþættir, fyrir hverja á að leggja matið, hvað eigi að skoða, hver sé ábyrgur fyrir framkvæmd, hvernig gagnaöflun eigi sér stað, hver sé ábyrgur fyrir úrvinnslu, hvað eigi að gera með niðurstöður matsins og hve oft eigi að framkvæma matið á skólaárinu (45). Að sögn yfirstjórnar hefur skólinn mótað sér sínar eigin matsaðferðir og reynt að nýta það sem hentar úr ýmsum áttum.

---

<sup>16</sup> Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla, gr. 40

## 7.2. Þátttaka starfsmanna, nemenda og foreldra í innra mati

Í sjálfsmatshópi skólans sitja auk aðstoðarskólameistara fulltrúar kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra. Skv. skýrslu skólans um innra mat fyrir skólaárið 2011-2012 hafa starfsmenn, nemendur og foreldrar aðkomu að innra mati. Starfsmenn t.a.m. í starfsmannasamtöllum, könnun á líðan, endurmenntun, mat á þjónustu skólans o.fl. Starfsmenn hafa á margvíslegan hátt komið að þessari vinnu, m.a. með því að vinna í gæðahópum, nefndum og ráðum að eflingu skólastarfsins.

Aðkoma nemenda að innra mati felur m.a. í sér þátttöku í kennslukönnunum, mati á þjónustu skólans, mati á starfi stjórnenda, viðhorfi nemenda o.fl. Foreldrar hafa komið að innra mati með þátttöku í könnun á þjónustu skrifstofu, netstjóra, námsráðgjafa og forvarnarfulltrúa skólans (6). Fram kom í sjálfsmatshópi að matið væri ekki kynnt formlega en sett á vef skólans þar sem hægt væri að nálgast það.

## 7.3. Mat á frammistöðu kennara

Í innra mati er frammistaða kennara metin m.a. með kennslukönnun sem lögð er fyrir nemendur og einnig eru einstakar námsgreinar metnar sérstaklega þar sem frammistaða kennara er metin bæði með vettvangskönnun sjálfsmatsnefndar og með samtöllum stjórnenda við kennara (6).

## 7.4. Umbætur og eftirfylgni á grundvelli sjálfsmats

Áætlun um umbætur hefur verið gerð í kjölfar innra mats (46). Þar kemur fram að skólameistari er ábyrgur fyrir umbótum og eftirfylgni á innra mati. Sjálfsmatsskýrslur og áætlanir um framkvæmd þess liggja fyrir á heimasíðu skólans (47). Niðurstöður matsins eru kynntar formlega í skólanefnd og skólaráði.

## 7.5. Mat úttektaraðila

- Innra mat skólans hefur fram að þessu uppfyllt mörg viðmið laga og aðalnámskrár um innra mat. Allir þættir skólasamfélagsins eru metnir og allir aðilar skólasamfélagsins eiga aðild að matinu bæði með setu í sjálfsmatshópi og þátttöku í könnunum.
- Matið þarf að endurskoða þegar skólinn hefur mótað sér skýra stefnu í samræmi við grunnþætti í menntun, markmið og áhersluþætti framhaldsskólalaga og ákvæði í aðalnámskrá framhaldsskóla.

## 8. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGL

---

### 8.1. Foreldraráð

*Við hvern framhaldsskóla skal starfa foreldraráð. Skólameistari boðar til stofnfundar þess. Hlutverk foreldraráðs er að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann. Félagsmenn geta verið foreldrar nemenda við skólann.<sup>17</sup>*

Foreldraráð er við skólann og geta foreldrar allra nemenda hans verið í ráðinu sem starfar sem félag með þriggja manna stjórn. Markmið þess eru að:

- standa vörð um réttindi nemenda til mennta og styðja við starf skólans.
- efla samstarf meðal forráðamanna sem og samstarf við starfsfólk skólans.
- koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.

Meginverkefni ráðsins tengjast ýmsu er varðar félagslíf nemenda og skólasókn. Kosið er í ráðið með því að óska eftir framboðum á foreldrafundi. Fundargerðir þess eru aðgengilegar á heimasíðu skólans en skv. þeim hefur ráðið komið þrisvar sinnum saman á skólaárinu 2012 – 2013 og átta sinnum skólaárið 2011 – 2012. Ráðið hefur fjallað um könnun á gengi nemenda, aðsókn í skólann, samstarf við heimili og skóla, húsnæði skólans, forvarnarmál, árshátíð o.fl. (48). Foreldraráð er að sögn fulltrúa í ráðinu og yfirstjórnar mjög virkt núna og hefur verið það undanfarin tvö til þrjú ár. Skólinn hefur ásamt foreldraráðinu haldið fræðslufundi fyrir foreldra en að sögn fulltrúa í ráðinu hefur verið erfitt að fá foreldra til að mæta. Góð mæting sé hins vegar á kynningarfund fyrir nýnema.

### 8.2. Samstarf við grenndarsamfélag

Samstarf er milli skólans og grenndarsamfélagsins. Skólinn er með afrekssvið fyrir knattspyrnuíðkendur hjá Stjórnunni og í gangi eru viðræður við Golfklúbb Garðabæjar um svipað samstarf og við Tónlistarskóla Garðabæjar og Hafnarfjarðar um uppbyggingu tónlistarbrautar. Þá má nefna samstarf við Soroptimista í Hafnarfirði og Garðabæ sem héldu leiðtoganámskeið fyrir stúlkur. Tókst það mjög vel að sögn yfirstjórnar og hefur Garðabær áhuga á að auka slíkt í FG og Garðaskóla. Gospelkór Jóns Vídalíns er samstarfsverkefni FG og Vídalínskirkju í Garðabæ. Kórinn er fyrir ungt fólk á aldrinum 16-30 ára. Þá er húsnæði skólans mikið nýtt fyrir viðburði í samfélaginu. Reglulega er íbúum boðið í heimsókn í skólann t.d. á sýningar, skemmtikvöld, tónlistarkvöld o.fl. m.a. í samvinnu við foreldraráð

---

<sup>17</sup> Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla, 50. gr



hans. Ennfremur á skólinn í samstarfi við heilsugæslustöð í nágrenni skólans og kemur lækni þáðan einu sinni í viku sem er að sögn skólameistara mikils virði fyrir skólann (3) (4).

### 8.3. Lýðræði og þátttaka

Foreldrar, sem rætt var við, sögðust eiga auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við skólann, upplifa mikinn vilja til samstarfs hjá skólameistara og aðgengi að stjórnendum sé gott. Foreldraráð hafi fengið heimild frá skólameistara til að hafa áheyrnarfulltrúa í skólaráði en það hafi ekki virkað því fundað sé á miðjum degi. Fulltrúar í ráðinu sögðust ekki hafa komið að námskrárgerð en skólinn ásamt foreldraráðinu og stjórn nemendafélagsins hélt í febrúar 2013 málþing um gildi í skólastarfi (3). Í könnun í tengslum við þingið kom fram að þau þrjú gildi sem ættu að vera leiðandi grunngildi í stefnu FG væru virðing, ábyrgð og jákvæðni. Í sömu könnun segja tæp 60% foreldra samstarf milli foreldra og kennara skólans almennt ganga mjög vel og frekar vel svo og stjórnun og stefnumótun hans.

### 8.4. Upplýsingaflæði

Foreldrar geta nálgast ýmsar upplýsingar á heimasíðu skólans en þar er m.a. að finna sérstakan Foreldravísi. Að sögn þeirra mætti vera meira um upplýsingar frá umsjónarkennara um gengi nemenda undir 18 ára aldri. Foreldrafélagið hefur frá árinu 2011 haldið úti fréttabréfi þar sem miðlað er fjölbreyttum upplýsingum til foreldra (49) (48). Þar hefur m.a. verið rætt um ólögleg bjórkvöld. Það viðhorf kom fram í hópi foreldranna að það vantaði í þjóðfélagið að viðurkenna að foreldrar beri ábyrgð á börnum sínum til 18 ára aldurs.

### 8.5. Mat úttektaraðila

- Foreldraráð skólans virðist mjög virkt, það fundar reglulega og gefur úr fréttabréf. Gott samstarf virðist milli foreldra og stjórnenda skólans og foreldrar hafa mikinn aðgang að upplýsingum um skólastarfið m.a. með Foreldravísi og Fréttabréfi.
- Athygli vekur að foreldraráð hafi fengið heimild frá skólameistara til að hafa áheyrnarfulltrúa í skólaráði en ekki kemur fram í reglugerðum skólaráðs við framhaldsskóla frá 1997 að foreldrar nemenda eigi rétt til setu í ráðinu.nr. 140/1997.
- Það viðhorf kom fram hjá foreldrum í ráðinu í þjóðfélagið vanti skilning og viðurkenningu á að foreldrar beri ábyrgð til 18 ára aldurs sbr. lög. Að mati úttektaraðila liggja tækifæri ráðsins og skólans í að vinna að auknum skilningi foreldra á þessari ábyrgð.
- Samstarf skólans og grenndarsamfélagsins er afar fjölbreytt.

## 9. NEMENDUR MEÐ SÉRÞARFIR

---

*Nemendur, sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með heilsutengdar sérþarfir og nemendur með fötlun, eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir. Nemendur með fötlun skulu stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.<sup>18</sup>*

### 9.1. Almenn stoðþjónusta

Við skólann eru veitt sérstök úrræði fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika og gerðar áætlanir um námsframvindu. Stoðþjónusta skólans felst í náms- og starfsráðgjöf, starfsmönnum á bókasafni, stoðkennslu skipulagðri af kennslustjórum, sálfræði- og læknisþjónustu á vegum skólans og úrræðum fyrir þá nemendur sem glíma við e.k. fötlun eða veikindi eða eru greindir með sértæka námsörðugleika. Boðið hefur verið upp á stoðtíma í stærðfræði og íslensku eftir þörfum hverju sinni. Skólinn hefur einnig yfir að ráða talgervlum. Ekki er skimað sérstaklega fyrir leshömlun. Allir nemendur, sem það vilja, fá lengri próftíma. Að sögn skólameistara er fyrirkomulagið byggt á fyrirmynd frá Námsmatsstofun sem hefur notað það í samræmdum prófum á landsvísu. Þá geta nemendur sótt um að fá að taka próf við séraðstæður. Náms- og starfsráðgjafi leiðbeinir nemendum um hvert má leita eftir að fá greiningar og er í sambandi við sérfræðinga þegar það á við (43).

### 9.2. Starfsbraut

Starfsbraut er við skólann. Nám á brautinni er 140 einingar í fjögur ár fyrir nemendur sem geta ekki nýtt sér almennt námsframboð framhaldsskóla nema að litlu leyti vegna fötlunar eða sértækra námsörðugleika. Markmið brautarinnar m.a. að nemandi fái einstaklingsmiðað nám, fái tækifæri til að stunda nám með ófötludum nemendum eins og kostur er, fái tækifæri til að tengja saman nám og starfsþjálfun, í skóla og á vinnustað og öðlist vinnufærni eftir því sem kostur er o.fl (23). Alls stunda 10 -11 nemendur nám við brautina.

Brautinni lýkur með lokaprófi af starfsbraut. Námsmat er að sögn kennara á brautinni munnlegt, skriflegt og verkefni ásamt símati. Lítið sé til af námsefni sem sértaklega er útbúið fyrir starfsbrautir og því þurfi kennarar í flestum tilfellum að útbúa það sjálfir. Mjög fjölbreytt nám er í boði við deildina. Nemendur á starfsbraut tóku þátt í söngvakeppni starfsbrauta, og samsýningu á List án landamæra vorið 2012 (43) (50).

---

<sup>18</sup> Aðalnámsskrá framhaldsskóla: 2011:60

Unnið hefur verið að námskrá starfsbrautar sem áætlað er að ljúka á haustönn 2013. Fram kom í máli starfsmanna brautarinnar að húsnæði hennar væri ófullnægjandi og allt of lítið til að hægt sé að sinna því sem til er ætlast. Í ársskýrslu 2012 kemur fram að skólinn styrki markvissa uppbyggingu náms á starfsbraut að fengnum tillögum frá kennslustjóra brautarinnar og að nýtt húsnæði með bættri aðstöðu til kennslu verði tekið í notkun sem fyrst (50) (4).

### 9.3. Mat úttektaraðila

- Fjölbrautaskólinn í Garðabæ hefur byggt upp margvísleg úrræði fyrir nemendur með sérþarfir og virðist sinna þörfum þeirra vel. Úttektaraðilar telja að stoðþjónusta við nemendur sé í samræmi við aðalnámskrá og að komið sé til móts við þarfir hins fjölbreytta nemendahóps skólans eftir því sem við á.
- Starfsbraut er við skólann og metnaður skólans stendur til þess að auka enn við þennan þátt með frekari eflingu hennar og auknu húsnæði fyrir brautina.

## 10. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA

Hér að neðan er greint frá styrkleikum, veikleikum, ógnum og tækifærum Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Greiningin byggir á viðtölum við stjórnendur, kennara, starfsmenn, nemendur, skólanefnd og skólaráð og mati úttektaraðila.

### 10.1. Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar	Veikleikar
Fjölbreytni í námsvali og nemendahópum.	Húsnæði of lítið miðað við umfang listnáms og starfsnáms.
Vel menntaðir stjórnendur, kennarar og starfsmenn og endurmenntun vel sinnt.	Fjárskortur háir viðhaldi og endurnýjun tækjabúnaðar.
Innleiðing nýrrar aðalnámskrár vel á veg komin.	Ekki hafa náðst markmið um mætingar nemenda.
Skólinn er leiðandi í listnámi á framhaldsskólastigi sem dregur að fjölbreyttan hóp nemenda víða að.	Nemendur virðast ekki alltaf hafðir nægilega vel í ráðum um málefni sem þá varða s.s. mötuneyti.
HG hópurinn dregur að sterkari námsmenn sem hefur áhrif á allan skólabrag.	Nemendahópar sums staðar of stórir og getustig nemenda of breitt.
Góður starfsandi og starfsánægja.	Ekki hafa allir aðilar skólasamfélagsins komið að endurskoðun skólanámskrár.
Skólinn er tilbúinn til að þjónusta fjölbreytilegan hóp nemenda	Ekki liggja fyrir nýlega kannanir um líðan nemenda og starfsfólks
Stærð skólans veitir kennurum færi á að kynnast nemendum vel.	Óánægja með mötuneyti nemenda skólans sem virðist ekki að öllu leyti fylgja viðmiðum <i>Heilsueflandi skóla</i> .
Sveigjanleiki í námi.	Skóladagur miðað við núverandi fyrirkomulag of langur.
Gott húsnæði.	Samband umsjónarkennara og foreldra ólögráða nemenda mætti vera meira.
Almenn ánægja með stjórnun.	Kynjahlutfall starfsmanna óhagstætt m.t.t. karla

## 10.2. Ógnir og tækifæri

Ógnir	Tækifæri
Fjárskortur.	Stækkun skólahúsnæði svo skólinn geti betur uppfyllt markmið sín um fjölbreytni.
Ótti við hugmyndir Garðabæjar um yfirtöku sveitarfélagsins á skólanum.	Vera áfram leiðandi í listgreinum.
Aldursdreifing kennara óhagstæð m.t.t. til endurnýjunar þ.e. of margir kennarar gætu látið af störfum á sama tíma vegna aldurs.	Aukið samstarf við skóla á háskólastigi.
Sókn góðra nemenda úr sveitarfélaginu í aðra framhaldsskóla.	Frekara samtal milli skólans og sveitarfélagsins um yfirtöku eða samstarf áður en ákvörðun er tekin. Kanna með enn markvissari hætti kosti og galla slíks fyrirkomulag m.t.t. laga og reglugerða.

### 10.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta

Til þess að uppfylla þær kröfur sem úttekt þessi leggur áherslu á þurfa skólinn, skólanefnd og mennta- og menningarmálaráðuneytið að mati úttektaraðila að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. Lokið verði við endurskoðun almenns hluta skólanámskrár með aðkomu allra aðila skólasamfélagsins.
  2. Skoðuð verði þörf fyrir húsnæði og tæki út frá stefnu skólans og aðsóknar í hann.
  3. Kanna frekar ástæður slakrar mætingar nemenda og leitast við að finna leiðir til úrbóta.
  4. Skoðað verði betur hvort einelti er til staðar í skólanum.
  5. Rýnt verði betur í tölur um vímuefni í könnun á líðan nemenda og brugðist við þeim með frekari aðgerðum.
  6. Þar sem óánægja kom fram með mötuneyti er tilefni til að skoða betur hvort það stenst markmið verkefnisins *Heilsueflandi skóli* hyggist skólinn halda áfram þátttöku í því.
  7. Leitast verði við að jafna hlut kynja meðal starfsmanna og í námsvali nemenda sbr. jafnréttislög.
  8. Skólinn og skólanefnd kanni betur með Garðabæ kosti og galla hugmyndar sveitarfélagins um að taka yfir rekstur skólans.
  9. Auka ætti samstarf við Háskóla Íslands.
  10. Auka má þátt upplýsingatækni enn frekar, enda læsi á upplýsingar og það að geta nýtt sér margvíslega tækni í þekkingarleit, grunnþættir og lykilhæfni í aðalnámskrá.
  11. Skoða mætti upplýsingagjöf umsjónarkennara um námsframvindu nemenda til foreldra nemenda undir 18 ára aldri.
-

## Heimildir

---

1. Saga skólans. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ. [Á neti] Fjölbraut í Garðabæ. [Tilgreint: 25. febrúar 2013.] <http://fg.is/skolinn/saga-skolans/>.
2. Kristín Bjarnadóttir. FG 1984-1997 eftir KB. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ. [Á neti] apríl 1997. [Tilgreint: 3. febrúar 2013.] [http://fg.is/Files/Skra\\_0036339.pdf](http://fg.is/Files/Skra_0036339.pdf).
3. Kristinn Þorsteinsson. Gagnalisti fyrir úttekt á starfsmeni Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Garðabær: Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, 2013.
4. Ársskýrsla Fjölbrautaskólans í Garðabæ. [Á neti] febrúar 2012. [Tilgreint: 8. mars 2013.] [http://www.fg.is/Files/Skra\\_0060352.pdf](http://www.fg.is/Files/Skra_0060352.pdf).
5. Starfsmannastefna. [Á neti] Fjölbraut í Garðabæ, 28. maí 2008. [Tilgreint: 26. febrúar 2013.] <http://www.fg.is/skolinn/stefnuskra/starfsmannastefna-fg/>.
6. Elísabet Siemsen. Sjálfsmatsskýrsla Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Garðabær : Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, 2012.
7. Endurmenntunaráætlun FG. [Á neti] Fjölbraut í Garðabæ, 19. september 2009. [Tilgreint: 26. febrúar 2013.] <http://www.fg.is/skolinn/stefnuskra/endurmenntunaraetlun-fg/>.
8. Töflur með einkunnum stofnanna. [Á neti] [Tilgreint: 26. febrúar 2013.] [http://sfr.is/files/Allar%20starfr%C3%B3sf\\_1766993019.pdf](http://sfr.is/files/Allar%20starfr%C3%B3sf_1766993019.pdf).
9. Einkunnir stofnanna. [Á neti] [Tilgreint: 26. febrúar 2013.] [http://sfr.is/files/a%C3%B0aldafla%20starfr%C3%B3fsr%C3%B6%C3%B0\\_1143246412.pdf](http://sfr.is/files/a%C3%B0aldafla%20starfr%C3%B3fsr%C3%B6%C3%B0_1143246412.pdf).
10. Kristinn Þorsteinsson. Skýrsla um sjálfsmat í FG 2005-2007. Garðabær: Fjölbraut í Garðabæ, 2007.
11. Fundargerðir. [Á neti] Fjölbrautaskólinn í Garðabæ. [Tilgreint: 9. mars 2013.] <http://www.fg.is/skolinn/fundargerdir/>.
12. Stefnuskrá. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ. [Á neti] ágúst 2009. [Tilgreint: 3. maí 2013.] <http://fg.is/skolinn/stefnuskra/>.
13. Stefna og viðbragðsáætlun Fjölbrautaskólans í Garðabæ í eineltismálum . [Á neti] Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, 24. október 2010. [Tilgreint: 26. febrúar 2013.] <http://www.fg.is/skolinn/stefnuskra/stefna-og-vidbragdsaaetlun-i-eineltismalum/>.
14. Jafnréttisáætlun FG. [Á neti] Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, Maí. 25 2012. [Tilgreint: 9. mars 2013.] <http://www.fg.is/skolinn/stefnuskra/jafnrettisaaetlun-fg/>.
15. Heilsustefna Fjölbrautaskólans í Garðabæ. [Á neti] Fjölbrautaskólinn í Garðabæ. [Tilgreint: 8. mars 2013.] <http://www.fg.is/skolinn/stefnuskra/heilsustefna/>.
16. Nefndir og ráð í FG. [Á neti] [Tilgreint: 8. mars 2013.] <http://www.fg.is/skolinn/nefndir-og-rad/>.

17. Forvarnir við Fjölbrautaskólann í Garðabæ. [Á neti] Fjölbrautaskólinn í Garðabæ. [Tilgreint: 8. mars 2013.] <http://www.fg.is/thjonusta/forvarnir/>.
18. Stefna skólans í forvörnum. [Á neti] Fjölbrautaskólinn í Garðabæ. [Tilgreint: 8. mars 2013.] <http://www.fg.is/thjonusta/forvarnir/stefna-skolans-i-forvornum/>.
19. Rannsókn á vímuefnanotkun framhaldsskólanema á Íslandi 2013: Fjölbrautaskólinn í Garðabæ. Reykjavík: Rannsóknir og greining við Háskólann í Reykjavík, 2013.
20. Heilsueflandi framhaldsskóli. Embætti landlæknis, [Sótt 18. Febrúar 2013] [http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item12345/Heilsueflandi\\_framhaldsskoli](http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item12345/Heilsueflandi_framhaldsskoli).
21. Umhverfisstefna. [Á neti] Fjölbrautaskólinn í Garðabæ. [Tilgreint: 8. mars 2013.] <http://www.fg.is/skolinn/stefnuskra/umhverfisstefna-fg/>.
22. Einar Ingimarsson. FG sundurliðun húsrýmis. 2013.
23. Fylgiskjal 7: reglubundið eftirlit fasteigna. Garðabær: Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, 2013.
24. Námsvísir FG. [Á neti] apríl 2009. [Tilgreint: 8. mars 2013.] [http://www.fg.is/Files/Skra\\_0037690.pdf](http://www.fg.is/Files/Skra_0037690.pdf).
25. Arney Einarsdóttir, Ásta Bjarnadóttir og Finnur Oddson. Staða mannaúdsstjórnunar á Íslandi: CRANET rannsóknin 2009 (skýrsla). Reykjavík : Háskólinn í Reykjavík, 2009.
26. Sameiginleg framkvæmdaáætlun fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Kennarasambands Íslands vegna framhaldsskóla. Samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi samingi aðila. Félag framhaldsskólakennara. [Á neti] 16. nóvember 2009. [Tilgreint: 3. janúar 2012.] <http://ff.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=8417>.
27. Hag tíðindi: ágúst 2004. Reykjavík : Hagstofa Íslands, 2004.
28. Árný Elíasdóttir og Ragnhildur Þórarinsdóttir. Úttekt á starfsemi Menntaskólans við Hamrahlíð unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011 og Úttekt á starfsemi Verkmenntaskólans á Akureyri unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012.
29. Guðmundur Stefán Gíslason. Staða í námsskrá 21.mars 2013. Garðabær : Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, 2013.
30. Greinagerð GS og ÞÞ 21.sept 2012. s.l.: Fjölbrautaskólinn í Garðabæ.
31. Ályktun Kennarafélags Fjölbrautaskólans í Garðabæ, febrúar 2013. Garðabær : Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, 2013.
32. Fylgiskjal 2: handbók kennara. Garðabær : Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, 1998.
33. Ársskýrslur. [Á neti] Fjölbrautaskólinn í Garðabæ. [Tilgreint: 8. mars 2013.] <http://www.fg.is/skolinn/arsskyrslur/>.



34. Skipurit FG. [Á neti] Fjölbrautaskólinn í Garðabæ. [Tilgreint: 8. mars 2013.] <http://www.fg.is/skolinn/skipurit/>.
35. Starfslýsingar FG. [Á neti] Fjölbrautaskólinn í Garðabæ. [Tilgreint: 8. mars 2013.] <http://www.fg.is/skolinn/starfsmenn/starfslysingar/>.
36. Skólaráð. [Á neti] Fjölbrautaskólinn í Garðabæ. [Tilgreint: 9. mars 2013.] <http://fg.is/skolinn/nefndir-og-rad/skolarad/>.
37. Kosningabæklingur. Nemendafélag Fjölbrautaskólans í Garðabæ. [Á neti] 23. janúar 2012. [Tilgreint: 3. maí 2013.] <http://nffg.is/frettir/lesafrett/2012/03/20/kosningabaeklingur>.
38. Fjarnám. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ. [Á neti] Fjölbrautaskólinn í Garðabæ. [Tilgreint: 3. maí 2013.] <http://fg.is/fjarnam/>.
39. Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti 2011. Reykjavík : Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011.
40. Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. Betri líðan í mínum skóla - Fjölbrautaskólinn í Garðabæ. Reykjavík : Rannsóknir og greining ehf, 2011.
41. Skólareglur. [Á neti] Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, 1. janúar 2013. [Tilgreint: 9. mars 2013.] <http://www.fg.is/skolinn/skolareglur/>.
42. Kristinn Þorsteinson. RE: Stærð húsnæðis og kannanir. 11. mars 2013.
43. Fréttir. [Á neti] Fjölbrautaskólinn í Garðabæ. [Tilgreint: 9. mars 2013.] <http://www.fg.is/frettir/>.
44. Anna G. Hugadóttir og Unnur Símonardóttir. Náms- og starfsráðgjöf: Fjölbrautaskólinn í Garðabæ skólaárið 2011-2012. Garðabær : Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, 2013.
45. Áætlun vegna áfalla. Garðabær : Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, 2013.
46. Sjálfsmatsáætlun 2011-2012. [Á neti] [Tilgreint: 11. mars 2013.] <http://www.fg.is/skolinn/sjalfsmat/>.
47. Elísabet Siemsen. Sjálfsmatsskýrsla Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Garðabær : Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, 2011.
48. Sjálfsmat. [Á neti] Fjölbrautaskólinn í Garðabæ. [Tilgreint: 11. mars 2013.] <http://www.fg.is/skolinn/sjalfsmat/>.
49. Foreldraráð FG. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ. [Á neti] [Tilgreint: 3. maí 2013.] [http://fg.is/Files/Skra\\_0054041.pdf](http://fg.is/Files/Skra_0054041.pdf).
50. Foreldravísir. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ. [Á neti] Fjölbrautaskólinn í Garðabæ. [Tilgreint: 3. maí 2013.] <http://fg.is/thjonusta/fyrir-forradamenn/foreldravisir/>.
51. Fylgiskjal 10: Skýrsla starfsbrautar skólaárið 2011-2012. Garðabær: Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, 2013.

## VIÐAUKAR

## Viðauki I - Fjöldi nemenda eftir námsbrautum á vorönn 2013.

Námsbraut	KK	KVK	Samtals
10. bekkur	5	9	14
AN1	3	1	4
AN4	28	12	40
FÉ	43	89	132
HM	2	20	22
ÍP	38	16	54
LL	1	21	22
LN	36	116	152
MB	4	24	28
NÁ	88	60	148
ST2	10	1	11
VH	36	30	66
VSS	2	2	4
ÓTN	39	60	99
Samtals	341	464	796